

**SKOÐUN** Framhaldsskólanemendur hér búa við meiri gjaldtöku en nemendur á hinum Norðurlöndunum. 13



**MENNING** Eva Dögg Sigurgeirsdóttir kennir íslenskum konum að klæða sig í bók sem kemur út fyrir jólin. 30



**SPORT** Jón Arnór Stefánsson hefur mjög lengi dreymt um fulla Laugardalshöll. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
13. ágúst 2013
188. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR




### Hrein steypa á vef CNN

Svört mynd sem dregin er upp af íslensku efnahagslífi á vef CNN endurspeglar ekki raunveruleikann að mati Gylfa Magnússonar hagfræðings. „Með því skrítnara sem birt hefur verið um Ísland," segir hann. 4

**Húsnæðiseigendur mala gull** Eftirspurn eftir leiguhúsnæði er mikil á Höfn í Hornafirði. 2

**Ævafornar deilur** Bretar íhuga að draga Spánverja fyrir dómstóla liðki þeir ekki fyrir landamæraeftirliti við Gíbraltarskaga. 6

**Sendi 15.700 í dauðann** 98 ára gamall ungverskur samverkamaður nasista lést um helgina. 6




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | | SSV | 7 |
| Akureyri | 14° | | SSV | 4 |
| Egilsstaðir | 16° | | SV | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | SSV | 4 |
| Reykjavík | 12° | | SA | 6 |

**Rigning** sunnan og vestan til en bjart eða bjart með köflum á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 9 til 19 stig hlýjast austanlands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**









# Gengjameðlimir réttminni

Liðsmenn skipulagðra glæpasamtaka fá ekki reynslulausn eða dagsleyfi úr fangelsum samkvæmt nýjum reglum. Viðbrögð við mikilli fjölgun þeirra á bak við lás og slá, segir fangelsismálastjóri. „Alloft" hefur reynt á reglurnar.

**FANGELSISMÁL** Fangar sem eru á skrá yfir liðsmenn skipulagðra glæpasamtaka fá hvorki reynslulausn né dagsleyfi og ekki heldur að afplána í samfélagsþjónustu eða opnum fangelsum, nema að uppfylltum skilyrðum. Fangelsismálayfirvöld settu sérstakar reglur þar að lútandi í vor.

„Það er rétt, við höfum sett reglur sem tengjast meðlimum slíkra samtaka," segir Páll Winkel fangelsismálastjóri. „Ástæðan er sú að það þarf að sýna sérstaka gát þegar á að flytja í opin fangelsi, senda út í dagsleyfi eða á reynslulausn og svo framvegis, menn sem lýsa því yfir, með aðild sinni að svona félagsskap, að þeir beinlínis segi sig úr lögum við samfélagið."

Þetta hafi verið gert til að bregðast við vanda sem fylgdi fjölgun gengjameðlima í fangelsi. „Það eru tvö til þrjú ár frá því að fyrsti meðlimurinn kom þar til það varð algjör sprengja fyrir tæpu ári. Ástandið var orðið þannig að það var nauðsynlegt að taka á þessu."

Páll segir að fangelsin byggi skrár sínar á upplýsingum frá lögreglu. „En þessir menn eru nú sjaldnast að fela þetta – eru klæddir í þessa búninga, tattóveraðir og svo framvegis. Við ákváðum hins vegar, strax og þetta vandamál varð til, að banna allar merkingar skipulagðra glæpasamtaka innan fangelsanna," bætir hann við.

Aðspurður segir hann rétt að þetta hafi hingað til aðeins átt við félaga í svokölluðum vélhjólagengjum, einkum Hells Angels og Outlaws. „En við erum líka pottþétt með menn sem tilheyra mafíum frá Litháen og Póllandi. Við vitum bara ekki nógu mikið um það," segir hann.

Fangelsismálastjóri segist ekki viss um hversu margir fangar teljist núna í þessum hópi – það sé síbreytilegt og fyrir skömmu hafi þeir verið á annan tug.

Hann segist ekki heldur hafa tölu yfir það hversu oft hafi reynt á reglurnar. „Það hefur gerst alloft. Hins vegar má ekki gleyma því að ef menn lýsa því yfir, og það er trúverðugt, að þeir ætli að hætta í þessum samtökum eða láta af samskiptum við þau þá líta málin öðruvísi út."

Hann ítrekar þó að meta þurfi hvert tilvik fyrir sig. „Okkur ber að halda uppi reglu og aga í fangelsunum og þetta er einfaldlega hluti af því." - sh



> Ástandið var orðið þannig að það var nauðsynlegt að taka á þessu.
>
> *Páll Winkel fangelsismálastjóri*

### Engar heimsóknir

Reglurnar eiga ekki aðeins við um fangana sjálfa. „Það þarf nú varla að taka fram að meðlimir svona samtaka eru ekki velkomnir í heimsóknir í fangelsi," segir Páll Winkel fangelsismálastjóri.



**MANNSKÆÐUR ÁREKSTUR** Sænsk rúta með ferðamenn frá Asíu lenti í árekstri við norska rútu í Sogndal í Noregi í gær. Tuttugu og tveir ferðamenn voru í sænsku rútunni og sjö farþegar í þeirri norsku. Tveir létust og nokkrir eru alvarlega slasaðir. NORDICPHOTOS/AFP

Norsk rúta og sænsk rákust saman á vegi í Sogndal í Noregi síðdegis í gær:

# Tvær konur létust í rútuárekstri

**NOREGUR** Tvær konur létust í Sogndal í Noregi í gær þegar saman rákust sænsk rúta með ferðamenn og norsk rúta sem sinnti áætlunarakstri á heimaslóð.

Konurnar sem létust voru hvor í sinni rútu, önnur norsk og hin ferðamaður frá Taívan.

Þá slasaðist fjöldi farþega, sumir alvarlega. Að því er fram kemur í Bergens Tidende voru tvær aðrar konur fluttar alvarlega slasaðar á Haukeland-háskólasjúkrahúsið í Bergen. Sex aðrir farþegar voru fluttir á sjúkrahúsið í Førde og einn fékk læknishjálp í Sogndal.

Þeir sem slösuðust voru allir farþegar í sænsku rútunni. Í henni voru ríflega tuttugu ferðamenn frá Asíu í hringferð um Norðurlönd. Sjö farþegar voru í norsku rútunni.

Haft er eftir lögreglu í Sogn og Fjordane-umdæmi að tilkynning hafi borist um slysið tveimur mínútum fyrir fimm í gær.

Loka þurfti veginum milli Sogndal og Leikanger í nokkrar klukkustundir vegna slyssins og varð vegna þessa nokkur röskun á samgöngum á svæðinu. - óká




Ráðstefna um Surtsey hafin:

# Eyjan minnkað um helming

**NÁTTÚRA** Surtsey hefur minnkað um helming frá því að gosi lauk. „Við höldum að eyjan verði svipuð ásýndum og þær gömlu Vestmannaeyjar sem eru norðvestur af Surtsey," segir Sveinn Jakobsson jarðfræðingur, sem hefur rannsakað Surtsey frá upphafi. Hann segir minnkun eyjarinnar orsakast af miklu sjávarrofi.



**SVEINN JAKOBSSON**

Sveinn heldur í dag fyrirlestur um rannsóknir sínar á alþjóðlegri vísindaráðstefnu, Surtsey 50 ára, sem hófst formlega í gær og stendur til 15. ágúst.

„Við erum alltaf að læra eitthvað nýtt um eyjuna," segir Sveinn en nýlega var leyst ráðgáta um, að því er virtist, goslaust tímabil á eyjunni. - nej / sjá síðu




## SPURNING DAGSINS



Benedikt, heldur þú að þú fáir hryssingslegar viðtökur barna í San Sebastían?

**„Ætli þetta verði ekki einhver hrossakaup.“**

Hross í oss eftir Benedikt Erlingsson hefur verið valin til þátttöku á San Sebastían-kvikmyndahátíðinni.

Dönsk kona vill endurnýja kynnin við vin sem hún eignaðist fyrir 30 árum:

# Lýsir eftir íslenskum vini sínum

**FÓLK** Dönsk kona vill finna gamlan íslenskan vin sinn aftur. Hún heitir Tea Isaksen, er 55 ára, fæddist á Grænlandi og er búsett í Óðinsvéum í Danmörku.

Á árunum 1980-1982 kynntist hún íslenskum manni, Sigurði að nafni, og tókst með þeim mikill vinskapur. Fyrir helgi auglýsti vinkona Teu fyrir hana eftir Sigurði á Facebook-síðu sinni. Hafa nú þegar um þúsund manns deilt færslunni.



TEA ISAKSEN

Tea segir Sigurð ekki þurfa að hafa áhyggjur eigi hann konu í dag þar sem aðeins sé um vinskap að ræða. Hún sé ekki ástfangin af honum og hafi ekki í hyggju að reyna að stela Sigurði frá sinni konu.

„Hann var með skollitað krullað hár og ekki mjög hávaxinn,“ lýsir Tea Sigurði. Hún segir hann hafa verið blíðan, góðan og rólegan mann sem hafi spilað fyrir hana mikið af tónlist. Hana minnir að hann hafi verið Sigurðsson, frá litlum bæ á Norðurlandi en á þeim tíma sem þau kynntust var hann við nám í rafmagnsverkfræði í háskóla í Óðinsvéum.

➜ Hann var með skollitað krullað hár og ekki mjög hávaxinn.

Kveikjan að leit hennar er sú að hún var að hlusta á lagið Turn Your Lights Down Low með Bob Marley en Sigurður kynnti það lag fyrir henni. - hv

Þrjú félög yfir 10 prósentum:

# Sumarhækkun í Kauphöllinni

**VIÐSKIPTI** Verð hlutabréfa þriggja félaga í Kauphöllinni hefur í sumar hækkað um meira en tíu prósent, að því er fram kemur í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

„Þeir sem freistuðu þess að kaupa hlutabréf til að fjármagna sumarfríið eru eflaust sáttir,“ segir þar, en Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 8,5 prósent frá því í byrjun júní. Bent er á að bréf Icelandair hafi hækkað um 11,1 prósent, VÍS um 10,3 og TM um 12,3. - óká

Ræða stöðu Norðurlanda:

# Lagði áherslu á gildi samstarfs

**NORÐURLÖND** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hélt erindi í gær og tók þátt í umræðum um stöðu Norðurlandanna í Evrópu. Erindið flutti hann í tengslum við Arendals-vikuna, sem er vettvangur stjórnmála- og atvinnulífs í Noregi. Hann lagði áherslu á gildi og mikilvægi Norðurlandasamstarfs.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Sigmundur fundaði einnig með Lars Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, og Liv Signe Navarsete, ráðherra sveitastjórnarmála í Noregi. - nej



**HJALTI ÞÓR VIGNISSON BÆJARSTJÓRI** Sjávarútvegurinn skapar stöðugleikann sem síðan hefur verið hlaðið utan á svo að nú eru Hornfirðingar ekki á flæðiskeri staddir nema marga vantar húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Húsnæðiseigendur mala gull í Höfn

Mikil eftirspurn er eftir leiguhúsnæði á Höfn í Hornafirði. Leiguverð er svipað og á Akureyri. Á bilinu 20 til 30 eru á biðlista eftir húsnæði. Mikið um það að fólk nýti húsnæði sitt til gistingar fyrir ferðamenn á sumrin svo leigutaki þarf þá að fara.

**SAMFÉLAGSMÁL** Á milli tuttugu og þrjátíu manns eru á biðlista eftir leiguhúsnæði á Höfn í Hornafirði, að sögn Hjalta Þórs Vignissonar bæjarstjóra. Sex íbúðir hafa verið byggðar á síðustu misserum en það sér varla högg á vatni.

Þegar háannatíminn í ferðamennskunni stendur yfir verður húsnæðisþörfin enn brýnni, en nokkuð er um það að einbýlishús og íbúðir séu nýttar til gistingar eða leigu fyrir ferðamenn.

„Hér er náttúrulega allt fullt af ferðamönnum þannig að maður skilur það að íbúarnir vilji nýta sér þennan markað,“ segir Hjalti Þór. Hann, eins og fleiri Hornfirðingar sem Fréttablaðið ræddi við, segist vita til þess að nokkrir sem hafa leigt yfir veturinn hafi þurft að finna sér annan stað yfir sumartímann þar sem húsnæðið sem þeir leigðu sé nýtt í ferðamennskuna.

Þar að auki er leiguverð nokkuð hátt á Hornafirði miðað við annars staðar á landsbyggðinni. Magnhildur Gísladóttir, verkefnastjóri um málefni nýrra íbúa hjá bæjarfélaginu, segist þekkja þess dæmi að leiga fyrir íbúð og einbýlishús geti verið um 150 þúsund krónur. Hjalti Þór telur að leiguverð sé á bilinu 1.300 til 1.500 á fermetrann. Það er álíka og leiguverð á Akureyri, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands. Þar kemur einnig fram að meðalleiguverð á Austurlandi sé á bilinu 847 til 1.173 krónur, svo Hornfirðingar standa vel í hreppametingnum.

„Þetta gerir mörgum erlendum íbúum erfitt fyrir og ég veit að margir þeirra eru í mun minna húsnæði en þeir ættu að búa með góðu móti,“ Magnhildur.

Aðspurð hvað valdi eftirsókninni segja þau Hjalti og Magnhildur að sjávarútvegurinn sé stöðugur á svæðinu en svo hafi Hornfirðingar hugað að því að ýta undir fjölbreytt atvinnulíf á staðnum. „Meðan öll eggin voru sett í sömu körfuna í góðærinu vorum við að leita og hlúa að eggjum víða og það er að unga vel úr þeim núna,“ segir Magnhildur.

jse@frettabladid.is

Skipsbrotsmanni bjargað:

# Trilla sökk vestan Skálavíkur

**SJÁVARÚTVEGUR** Landhelgisgæslunni barst tilkynning um klukkan hálf fjögur í gærdag um að báturinn Glói, sem er tveggja tonna trefjaplastbátur, hefði sokkið skammt vestan við Skálavík, sem er yst í Ísafjarðardjúpi. Því var báturinn fyrir opnu hafi.

Einn maður var í bátnum og var honum bjargað um borð í Björgu Jóns, sem síðan sigldi með manninn til Súgandafjarðar. Lögreglan á Vestfjörðum rannsakar nú málið. - jse

Jóhann Friso lést í gær:

# Hollenskur prins fallinn frá

Jóhann Friso, næstelsti sonur Beatrix prinsessu, fyrrverandi Hollandsdrottningar, og bróðir Vilhjálms Alexanders Hollandskonungs, lést í dag 44 ára að aldri.



JÓHANN FRISO

Jóhann varð undir snjóflóði fyrir einu og hálfu ári þegar hann var á skíðaferðalagi ásamt konungsfjölskyldunni. Síðan þá hafði hann legið í dauðadái. Jóhann skilur eftir sig eiginkonu, prinsessuna Mabel af Nassau, og tvö börn.

**ÖRYGGISMÁL**

### Vilja grind á dráttarvélar

Vinnueftirlitið sér tilefni til að ítreka að allar dráttarvélar eigi að vera með öryggishúsi, öryggisgrind eða að lágmarki með veltiboga. Í nokkrum undanteknigartilfellum hefur borið á dráttarvélum án slíks búnaðs sem er ekki löglegt. Einu tilfellin þar sem hægt er að fá undanteknigu frá þessu er ef verið er að vinna á vélinni innanhúss.



**MIKIÐ TAP** Dýrir símar eru meðal þess sem er í óskilum eftir Þjóðhátíð.

Lögregla geymir týnda muni:

# Mikið í óskilum eftir Þjóðhátíð

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum með marga síma sem fólk hefur tapað, margir þeirra eru mjög dýrir,“ segir Pétur Steingrímsson, varðstjóri hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt lögreglunni er einnig nokkuð um myndavélar, bakpoka og fatnað. „Einnig erum við með gleraugu og lykla, bæði húslykla og bíllykla.“ Hann segir ótrúlegt magn óskilamuna skila sér og að lögreglan hendi engu. - hrs




Hafró segir hátt hlutfall norsk-íslenskrar síldar innan íslenskrar lögsögu:

# Nóg af makríl en ekkert metár

**SJÁVARÚTVEGUR** Rannsóknarmenn frá Hafrannsóknastofnun sem voru að koma úr rannsóknarleiðangri segja að nóg sé af makríl þótt vissulega sé minna um hann en í fyrra. Kemur það heim og saman við upplifun útgerðar- og sjómanna sem Fréttablaðið hafði samband við.

Árið í fyrra var reyndar algjör metár en þá mældist ein og hálf milljón tonna af makríl í íslenskri lögsögu. Í nýafstöðnum leiðangri urðu rannsóknarmenn varir við mikið af þriggja ára makríl sem gefur til kynna að 2010 árgangurinn hafi verið stór. Bráðabirgðaniðurstöður sýna einnig að hátt hlutfall norsk-íslenska síldarstofnsins var innan íslenskrar lögsögu.

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segir að meira sé fyrir því haft að veiða makríl en í fyrra. Veiðar gangi þó vel og hafi um níu þúsund tonn verið unnin í vinnslunni í landi. Svo hafi frystitogarinn Barði veitt um sex hundruð tonn og vinnslan um borð sé nú á fullum afköstum.

En það er meira í hafinu en þessar alkunnu tegundir því í leiðangri Hafró bar einnig mikið á laxsíld, stóra geirsíli og urrara. - jse



**MAKRÍLL UNNIN UM BORÐ Í BARÐA** Meira er haft fyrir því að ná makrílnum en alltaf er nóg á færibandinu í Barða. MYND/ÞORGEIR BALDURSSON




# Gefðu fallegan lífsförunaut í brúðkaupsgjöf

**BRÚÐKAUPS-
GJAFALISTAR
OG GJAFAKORT**



epal

Harpa / Skeifan 6 /Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is







by Lassen.
Copenhagen



HAY



## SVONA ERUM VIÐ



**51%** **landsmanna vill hafa hlé í bíó.**

**49% kjósa frekar að horfa á kvikmyndir í heilu lagi.**

Hlé njóta talsvert meira fylgis meðal íbúa landsbyggðarinnar, fólks undir fertugu og Framsóknarfólks.

*Heimild: Capacent*

Íslenska rannsóknarfyrirtækið Mentis Cura semur við kínverskt hátæknisjúkrahús:

# Íslenskur hugbúnaður seldur til Kína

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenska rannsóknafyrirtækið Mentis Cura samdi í gær við kínverska hátæknisjúkrahúsið WanJia Yuan International Geriatric Hospital um að sjúkrahúsið noti hugbúnað fyrirtækisins við greiningu á Alzheimer og öðrum heilabilunarsjúkdómum. Félagið verður að auki leiðandi samstarfsaðili við klínískar rannsóknir.

Í tilkynningu segir að kínverska sjúkrahúsið eigi sér enga hliðstæðu í heiminum þar sem um er að ræða hátæknisjúkrahús með 1.200 rúmum, þar á meðal 400 fyrir Alzheimersjúklinga.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra var viðstaddur undirritunina og sagði samkomulagið mikla viðurkenningu á starfi Mentis Cura. Fjölgun fólks með heilabilunarsjúkdóma væri áhyggjuefni og því fagnaðarefni að í samkomulaginu fælust miklir möguleikar á að efla rannsóknarstarf Mentis Cura. Þá kallaði ráðherra eftir vitundarvakningu meðal þjóðarinnar um heilabilun og að fræðsla yrði aukin hér á landi. - þj



**SAMSTARFIÐ STAÐFEST** Dr. Jin-Jing Pei, sem mun leiða verkefnið, og Kristinn Grétarsson, framkvæmdastjóri Mentis Cura, skrifuðu undir samninginn í gær að viðstöddum heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Maður í haldi fyrir árás:

## Lögregla rannsakar nefbrot

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri gisti fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum aðfaranótt mánudags, grunaður um að hafa ráðist á mann á svipuðu reki á heimili þess síðarnefnda í blokk í Keflavík.

Sá sem fyrir árásinni varð hafði samband við lögreglu á þriðja tímanum og var honum í kjölfarið komið undir læknishendur. Í gær var talið að hann væri nefbrotinn.

Mennirnir voru líklega allsgáðir og ekki er talið að fleiri hafi verið viðstaddir. Lögregla hugðist yfirheyra grunaðan árásarmann í gær og beindist rannsóknin meðal annars að því hvort tvímenningarnir þekktust. - sh

Hagnaður Vodafone eykst:

## Græddu 207 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Hagnaður fjarskiptafyrirtækisins Vodafone jókst um 138 prósent milli ára á öðrum ársfjórðungi, samkvæmt nýbirtu uppgjöri félagsins. Hagnaður tímabilsins nam 207 milljónum króna.



**ÓMAR SVAVARSSON**

Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 732 milljónum króna og jókst um níu prósent. Fram kemur í tilkynningu að afkoman sé sú besta á öðrum fjórðungi síðustu fimm ár.

Haft er eftir Ómari Svavarssyni, forstjóra Vodafone, að horfur séu góðar fyrir seinni helming ársins og reksturinn í góðu jafnvægi. - óká

# Íslandspistill á CNN „nánast hrein steypa“

Gylfi Magnússon, hagfræðingur og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, gerir lítið úr dökkri sýn pistlahöfundar á CNN á íslenskt efnahagslíf. Segir rangt farið með hagtölur og ólíklegt að fleiri áföll á Íslandi muni hafa áhrif um alla Evrópu.

**EFNAHAGSMÁL** „Mér finnst þetta vera nánast hrein steypa,“ segir Gylfi Magnússon, hagfræðingur og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, um grein sem birtist á viðskiptavef CNN í gær.

Í greininni, sem skrifuð er af Cyrus Sanati, sem er pistlahöfundur fyrir marga virtustu viðskiptafjölmiðla Bandaríkjanna, er Íslandi líkt við tifandi tímasprengju sem gæti haft mikil áhrif á efnahagslíf í Evrópu.



**GYLFI MAGNÚSSON**

Sanati segir að þrátt fyrir að margt gefi til kynna að íslenskt efnahagslíf sé að styrkjast hafi fátt unnist í stærri málum, til dæmis varðandi gjaldeyrishöft. Einblínt hafi verið á að seinka sársaukanum frekar en að lækna sjúkdóminn.

Gylfi segir margt í greininni byggja á röngum forsendum. Til dæmis sé farið rangt með flestar hagtölur sem vísað sé í. „Svo gerir hann engan greinarmun á gömlu bönkunum og þeim nýju og virðist ekki vita hvernig í þessu liggur.“ Í greininni er staða íslensku bankanna einnig sögð viðkvæm og kallar Sanati þá „zombie“-banka. Það segir Gylfi ekki einu sinni eiga við um gömlu bankana.

„Þeir eru bara fyrirtæki sem verið er að vinda ofan af og á að leggja niður, og nýju bankarnir eru ekki í nokkrum skilningi zombiebankar. Þannig að mér fannst þetta vera stórfurðuleg grein og með því skrítnara sem birt hefur verið um Ísland á svo virtum vefmiðli nýlega.“

Gylfi telur hins vegar lítið hægt að gera við skrifum sem þessum. „Kannski segir þetta okkur að það þurfi að koma skýrari skilaboðum um stöðu Íslands á framfæri við umheiminn svo að svona rugl birtist ekki hvað eftir annað.“

Á vettvangi hagfræðinnar segir Gylfi fáa velta Íslandi mikið fyrir sér en þeir sem hafa kynnt sér stöðuna telji að Ísland hafi náð þokkalegum árangri og sé á réttri leið.

Hvað varði möguleg áhrif á efnahagslíf Evrópu ef annað hrun dyndi hér yfir segir Gylfi að Sanati dragi ályktanir á röngum forsendum.

„Það verður stórtjón hjá þeim sem lánuðu gömlu bönkunum og þeir munu fá minna en helming til baka af því. Það eru hins vegar ekki nýjar fréttir og ég get því ekki séð að það muni hafa nokkur sérstök áhrif á stöðu mála í Evrópu á einn eða annan veg.“ thorgils@frettabladid.is



CNNMoney

Iceland is Europe's ticking time bomb – again

**MEÐ ÞVÍ SKRÍTNARA** Hagfræðingurinn Gylfi Magnússon segir fátt standast í stóryrtum pistli á viðskiptavef CNN í gær. Þar er því meðal annars gerðir skórnir að annað hrun hér á landi geti haft alvarleg áhrif á evrópskt efnahagslíf.

## Ekki bein tengsl við Evrópu



**KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR**

Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík, segir að í grein Sanatis sé dregin upp frekar dökk mynd af ástandinu hér á landi. Hvað varðar möguleg áhrif annars hruns á Íslandi á efnahagslíf Evrópu telur Katrín að sú hætta sé ofmetin.

„Ég sé ekki að það séu bein tengsl þarna á milli, því að við erum svo lítill hluti af heildinni. Það gæti haft óbein smitáhrif á væntingar en beinu áhrifin held ég að verði afskaplega lítil og spurning hvort þetta muni hafa nokkur hræðsluáhrif út fyrir Ísland.“



**HASSAN RÚHANÍ** Svarar fyrir ráðherralista sinn á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rúhaní gagnrýndur á þingi:

## Vill hófsama í ríkisstjórn sína

**ÍRAN, AP** Hassan Rúhaní, nýr forseti Írans, sætti í gær gagnrýni á þjóðþingi landsins fyrir að hafa tilnefnt hófsemdarmenn og stjórnarandstæðinga í 18 ráðherrastöður væntanlegrar ríkisstjórnar.

Rúhaní segist ætla að leggja áherslu á að bæta samskiptin við umheiminn en forveri hans í starfi, Mahmúd Ahmadínedjad, hafði gaman af að ganga fram af leiðtogum á Vesturlöndum með stóryrtum yfirlýsingum.

Þingið þarf að samþykkja ráðherralistann og greiðir atkvæði um hvern þeirra. - gb

Vill vera yngsti flugkappinn:

## Kom hér við í hnattferðinni

**FÓLK** Ástralskur maður sem stefnir að því að verða yngsti flugmaður sögunnar til að fljúga hringinn í kringum hnöttinn einsamall kom til Íslands um helgina. Sá heitir Ryan Campbell og er nítján ára. Hann lagði af stað 30. júní síðastliðinn og stefnir að því að ljúka leiðangrinum 7. september.

Campbell ætlar sér að slá met Bandaríkjamannsins Jacks Wiegand, en hann flaug hringinn einsamall þegar hann var 21 árs.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BLAUTT SUNNAN- OG VESTANLANDS** næstu daga en þurrt að mestu og sést til sólar norðaustan- og austanlands þó misjafnlega mikið. Veður verður milt og hlýindin áfram mest austanlands.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur víðast hvar.




**Fimmtudagur**
Fremur hægur vindur víðast hvar.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Berlín | 20° | Friedrichshafen | 22° | Las Palmas | 29° | New York | 27° | París | 23° |
| Aþena | 34° | Billund | 19° | Gautaborg | 20° | London | 22° | Orlando | 33° | San Francisco | 20° |
| Basel | 30° | Frankfurt | 23° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 34° | Ósló | 19° | Stokkhólmur | 19° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



**VW Polo** TDi 1,2
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 100 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.570.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**MM Pajero** 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **8.990.000,-**



**VW Golf** Trendl. AT
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 106.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.350.000,-**



**VW Caravella** AT 140 hö
Árgerð 2010, dísil
Ekinn 162.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.950.000,-**



**Lexus** IS250
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 54.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



**VW Passat** Ecofuel
Árgerð 2012, bensín/metan
Ekinn 7.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.390.000,-**



**VW Polo** 1,2 Trendl
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 28.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.990.000,-**



**Toyota RAV4**
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 10.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.690.000,-**



**Peugeot** 5008
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 56.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 150 GX
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 11.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **11.390.000,-**



**Audi A4** 2,0 TDi AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.990.000,-**



**Audi A3**
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 85.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.390.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 21.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.450.000,-**



**MMC Pajero** GLS DID
Árgerð 2004, dísil
Ekinn 166.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.490.000,-**



**Toyota** Hiace
Árgerð 2010, dísil
Ekinn 88.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



**Toyota** Auris Terra
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 2.100 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.390.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 200
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **9.390.000,-**

H HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Á hvaða kvikmyndahátíð, sem haldin er í september, var nýjasta kvikmynd Benedikts Erlingssonar, Hross í oss, valin?
2. Með hvaða liði mun Björn Róbert Sigurðarson, landsliðsmaður í íshokkí, leika í vetur?
3. Í ágústhefti hvaða danska tímarits birtist tískuþáttur eftir ljósmyndarann Hörð Ingason?

**SVÖR**

1. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í San Sebastian. 2. Aberdeen Wings. 3. Costume.

Sexfalt meiri hagnaður er að finna í hálfsársuppgjöri Landsnets en var á sama tíma í fyrra:

# Tæplega einn og hálfur milljarður í hagnað

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Landsnets á fyrri helmingi ársins er ríflega sex sinnum meiri en á sama tíma í fyrra, samkvæmt nýbirtum rekstrarreikningi.

Hagnaðurinn það sem af er ári nemur 1.488 milljónum króna samanborið við 236 milljóna króna hagnað fyrstu sex mánuði síðasta árs. Breytinguna má rekja til þess að hrein fjármagnsgjöld félagsins hafa dregist saman um tæpar 886 milljónir króna milli ára. Árshlutareikningur Landsnets var samþykktur á fundi stjórnar í gær og birtur á vef Kauphallar Íslands.

Landsnet er dótturfélag Landsvirkjunar, sem á rúm 64,7 prósent í félaginu. Aðrir eigendur eru Rarik með ríflega 22,5 prósenta hlut, Orkuveita Reykjavíkur, sem á tæplega 6,8 prósent, og Orkubú Vestfjarða með rétt tæplega sex prósenta hlut.

Fram kemur í tilkynningu að rekstrarhagnaður Landsnets fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) hafi fyrstu sex mánuði ársins numið 4.850 milljónum króna samanborið við 4.178 milljónir í fyrra. Aukningin nemur 672 milljónum króna á milli ára.

Eiginfjárhlutfall Landsnets í lok júní var 19,4 prósent samanborið við 17,7 prósent í lok árs 2012.

- óká

### Tölur úr hálfsársuppgjöri Landsnets*

| Hagstærð | 1H 2013 | 1H 2012 |
|---|---|---|
| Rekstrarhagnaður | 3.609 | 2.946 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 1.762 | 2.647 |
| Hagnaður | 1.488 | 236 |
| Handbært fé frá rekstri | 9.215 | 7.866 |
| Eiginfjárhlutfall | 19,4% | 17,7% |

*Allar upphæðir eru í milljónum króna. Heimild: Árshlutareikningur Landsnets*



**HAFÍS** Hafískort er hægt að skoða á vef Raunvísindastofnunar Háskólans. MYND/LHG

Landhelgisgæslan gefur út aðvörun til sjófarenda:

# Hafís hefur sést fyrir utan Horn

**SAMGÖNGUR** **Landhelgisgæslan varar við þremur stórum borgarísjökum norðvestur af Horni. Bæði getur sjófarendum stafað hætta af ísnum og brotum úr ís á svæðinu.**

**Ísinn sást í gæsluflugi TF-GNA, þyrlu Gæslunnar, undan ströndum Vestfjarða fyrir helgi, en hann sést einnig vel úr ratsjá.**

**Talið er líklegt að stór borgarísjaki sé strand fyrir utan Hornbjarg á Vestfjörðum, um hálfa mílu frá landi. „Veðurstofan beinir þeim tilmælum til fólks að fara ekki út á borgarísjakann en ísinn getur rekið hratt frá landi," segir á vef Landhelgisgæslunnar.**

- óká

# Ævafornar deilur vaktar úr dvala

Bretar segjast nú íhuga að draga Spánverja fyrir dómstóla liðki þeir ekki fyrir landamæraeftirliti við Gíbraltarskaga. Spánverjar hóta á móti frekari refsiaðgerðum vegna umdeildra hafnarframkvæmda hinna bresku íbúa skagans.

**SPÁNN** Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, hefur verið sakaður um að blása upp deilur við Breta um Gíbraltarskagann í von um að Spánverjar fái þá um eitthvað annað að hugsa en spillingarmálin sem hann er flæktur í og efnahagserfiðleikana sem hann ræður illa við.

Deila Spánverja og Breta er hins vegar ævaforn og skýtur upp kollinum með reglulegu millibili. Að þessu sinni snúast deilurnar um manngert rif sem hinir bresku ríkisborgarar á skaganum hafa sett niður við höfnina í Gíbraltar.

Spænskir sjómenn hafa kvartað hástöfum yfir að rifið hindri för þeirra og torveldi fiskveiðar.

Spænsk stjórnvöld hafa gripið til þess ráðs að herða landamæraeftirlit, með miklum töfum meðal annars fyrir ferðamenn sem ætla sér að skreppa út á skagann. Íbúar þar hafa miklar tekjur af ferðamönnum.

Gíbraltarskagi er örlítill skagi út í Miðjarðarhafið, ekki nema sjö ferkílómetrar að stærð. Hann hefur tilheyrt Bretum síðan í spænska erfðastríðinu í byrjun 18. aldar, þegar Bretar hertóku skagann og héldu honum samkvæmt Utrecht-sáttmálanum 1713.

Spánverjar hafa hins vegar lengi gert tilkall til skagans og segja það brot gegn alþjóðalögum að annað ríki hafi yfirráð yfir hluta Spánar.

Íbúar skagans hafa oftar en einu sinni í kosningum lýst yfir vilja sínum til að tilheyra áfram Bretlandi. Spánverjar hafa hins vegar boðið þeim að verða sjálfstjórnarhérað innan spænska ríkisins.

David Cameron, forsætisráðherra Breta, ræddi við Rajoy í síma í síðustu viku. Hann segir viðræðurnar hafa verið uppbyggilegar en tilefnið alvarlegt. Cameron segir að það yrði fordæmalaust ef Bretar neyddust nú til að taka ákvörðun um að leita til dómstóla. Það verði þó ekki gert nema að vel athuguðu máli.

gudsteinn@frettabladid.is

### Deilt um manngert rif

Gíbraltar er breskt svæði sem Spánn gerir tilkall til. Spænskir sjómenn hafa kvartað undan því að manngert rif, sem íbúar á Gíbraltar hafa búið til við höfnina, trufli siglingar spænskra fiskveiðibáta.




**Refsihótanir Spánar**

- 50 evra (8.000 króna) gjald á bifreiðar þegar farið er yfir landamærin
- Skattyfirvöld rannsaki eignir íbúa Gíbraltar á Spáni
- Loftrými Spánar lokað fyrir flugi til Gíbraltar
- Fyrirtækjum á Gíbraltar, sem bjóða upp á fjárhættuspil á netinu, verði gert að nota spænska netþjóna og greiða skatt til Spánar
- Aukið landamæraeftirlit sem veldur miklum töfum




Heimild: Hafnaryfirvöld á Gíbraltar Ljósmyndir: Google © GRAPHIC NEWS







98 ára ungverskur samverkamaður nasista í helförinni lést í fangelsi:

# Sendi 15.700 í útrýmingarbúðir

**UNGVERJALAND, AP** Laszlo Csatary, Ungverji sem var ákærður fyrir að hafa tekið þátt í helför nasista gegn gyðingum, lést um helgina, 98 ára að aldri, af völdum lungnabólgu.

Csatary var handtekinn í júlí í fyrra en var á sínum tíma efstur á lista eftirlýstra fyrrverandi stríðsglæpamanna úr seinni heimsstyrjöldinni. Hann var talinn hafa átt þátt í því að senda 15.700 gyðinga frá Ungverjalandi og Slóvakíu í útrýmingarbúðir nasista, auk þess sem hann var sakaður um að beita fanga beinu ofbeldi.

Í stríðslok var Csatary dæmdur til dauða í Tékkóslóvakíu fyrir stríðsglæpi en hann flúði til Kanada þar sem hann sagðist vera flóttamaður frá Júgóslavíu. Þar bjó hann í tæpa hálfa öld og starfaði meðal annars sem listaverkasali.

Eftir að upp komst um ósannsögli hans var hann sviptur ríkisborgararétti árið 1997 og flúði land. Hann fór síðan huldu höfði þar til hann fannst á ný í fyrra. Csatary neitaði sök í málinu.

Efraim Zuroff, framkvæmdastjóri Simon Wiesenthal-stofnunarinnar, sem leitar stríðsglæpamanna nasista um allan heim, lýsti í tilkynningu yfir vonbrigðum sínum með andlát Csatarys. Hann hafi með því „sloppið undan réttvísinni og refsingu á síðustu stundu". - þj



**LÁTINN LASZLO CSATARY** var dæmdur fyrir þátttöku í grimmdarverkum nasista gegn gyðingum í Ungverjalandi og Slóvakíu. NORDICPHOTOS/AFP



FRÍSTUNDAHEIMILI

GRUNNSKÓLAR

LEIKSKÓLAR

# VILTU MÓTA **FRAMTÍÐINA** MEÐ OKKUR?

Við leitum að fólki á öllum aldri af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

www.nissan.is

Innovation that excites

SPARNEYTNIR OG HÁFÆTTIR




NISSAN QASHQAI
4x4, DÍSIL
Verð: 4.990 þús. kr.
5,1 l/100 km




NISSAN QASHQAI+2
4x4, DÍSIL, 7 MANNA
Verð: 5.390 þús. kr.
5,3 l/100 km




NISSAN JUKE
ACENTA, DÍSIL
Verð: 3.690 þús. kr.
4,2 l/100 km

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Breskt auglýsingafyrirtæki má ekki nota ruslatunnur til að fylgjast með fólki:

# Njósnatunnur á götum London

**BRETLAND, AP** Borgaryfirvöld í London hafa krafist þess að auglýsingafyrirtækið Renew taki úr sambandi hátæknibúnað sem getur fylgst með ferðum fólks á götum borgarinnar.

Fyrirtækið hugðist selja upplýsingarnar auglýsendum, sem gætu valið hvaða auglýsingar birtust á tunnunum eftir því hverjir gengju fram hjá þeim.

Þannig gæti til dæmis auglýsing frá Burger King-hamborgarakeðjunni birst á tunnu þegar maður sem áður hefur snætt máltíð á McDonalds nálgast hana.

Tunnurnar eru með útbúnað sem nemur boð frá snjallsímum vegfarenda. Hægt er að senda vafrakökur í símana og þannig fylgjast með ferðum manna um hverfið, í hvaða verslanir er farið og jafnvel hve lengi er stoppað á hverjum stað.

Slíkar hátæknitunnur hafa nú þegar verið settar upp í fjármálahverfinu City, nálægt Pálskirkjunni og Liverpool Street-lestarstöðinni.

gudsteinn@frettabladid.is



**NJÓSNATUNNURNAR HÁTÆKNILEGU** Í tunnunum er búnaður sem nemur merki frá snjallsímum vegfarenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÓVENJULEGT GOS** Fjallað verður ítarlega um Surtsey og eldgos á eyjum víðs vegar um heiminn á ráðstefnu um Surtsey á Hótel Hilton Nordica. Meðal annars er fjallað um hve mjög hefur gengið á eyjuna vegna sjávarrofs. MYND/KRISTJÁN JÓNASSON

# Ráðgáta um goshlé í Surtsey loksins leyst

Sveinn Jakobsson jarðfræðingur hefur rannsakað Surtsey frá upphafi. Hann gerði nýverið uppgötvun sem staðfesti tilgátu um dularfullt goslaust tímabil árið 1964.

**NÁTTÚRA** „Þetta er lengsta gos sem menn vita til á sögulegum tíma á Íslandi síðan landið var numið,“ segir Sveinn Jakobsson jarðfræðingur um hið stórmerkilega Surtseyjargos. Hann hefur rannsakað Surtsey frá upphafi og gerði nýverið uppgötvun sem leysti áratuga gamla ráðgátu.

„Við erum búin að reikna út hvenær bólstrabergið sem finnst á sjávarbotninum suður af Surtsey myndaðist,“ segir Sveinn. Hann hyggst greina nánar frá niðurstöðum rannsókna sinna í Surtsey á alþjóðlegri vísindaráðstefnu sem hefst á morgun í tilefni af hálfrar aldar afmæli eyjarinnar.

„Sigurður Þórarinsson hafði tekið eftir því að í maí og júní 1954 var ekkert hraunrennsli á yfirborði eyjarinnar,“ útskýrir hann. „Það var eins og það væri ekkert gos í Surtsey þessa tvo mánuði.“ Sveinn segir þó að fyrrnefndur Sigurður Þórarinsson, þekktur jarðfræðingur sem skrifaði meðal annars bók um gosið, hafi getið sér þess til að hraunið rynni hugsanlega í lokuðum göngum undir yfirborði sjávar.

„Það var engin leið til að sannreyna þetta þá,“ segir hann. „En nú hefur okkur tekist að sýna fram á að bólstrabergið myndaðist þarna á þessum tíma, það varð ekkert hlé á gosinu, það rann bara á hafsbotninum. Þetta er óvenjulegt.“ Það var ekki auðvelt að nálgast þetta berg í því skyni að taka úr því sýni þar sem það liggur á 130 metra dýpi.

Sveinn segir sjávarrof á eynni vera margfalt meira en áður var talið. „Þegar gosi lauk í júní 1967 var flatarmál Surtseyjar 2,65 ferkílómetrar en í fyrra, þegar síðasta loftmyndin var tekin af eyjunni, þá reyndist flatarmálið vera 1,30 ferkílómetrar,“ segir hann. Surtsey hefur því minnkað um helming að flatarmáli síðan það hætti að gjósa.

„Það hefur verið gaman að fylgjast með þessu og reyna að ímynda sér hvernig þetta heldur áfram.“ Hann segist halda að Surtsey nái háum aldri þrátt fyrir hið mikla rof.

nannae@365.is

Haldið upp á 250 ára afmæli Hóladómkirkju á Hólahátíðinni um helgina:

# Stórhátíð lendir á nýjum biskupi

**HÁTÍÐIR** Sérlega mikil hátíðarhöld verða á Hólahátíðinni á Hólum í Hjaltadal um næstu helgi, enda fagnað í leiðinni 250 ára afmæli Hóladómkirkju sem er elsta steinkirkja landsins.

„Hún verður því í sviðsljósinu hjá okkur,“ segir Sólveig Lára Guðmundsdóttir, sem í gær gat sjálf fagnað en þá var eitt ár liðið frá því hún varð vígslubiskup á Hólum. „Á föstudagskvöldið verður opnuð sýning sem Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt og einn helsti sérfræðingur okkar á sviði kirkjubyggingalistar, og Guðmundur Oddur Magnússon prófessor hafa tekið saman um kirkjubygginguna,“ segir Hólabiskup. „Á laugardag verður frumsýnt nýtt leikrit um Sabinsky múrarameistara sem byggði kirkjuna, það er mikið drama. Leikritið skrifaði Björg Baldursdóttir, kennari við Grunnskólann á Hólum, en það eru félagar úr Leikfélagi Hofsóss sem leika undir stjórn Maríu Grétu Ólafsdóttur.“ Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, mun predika.

Ásamt fleiri uppákomum mun Kristján Jóhannsson óperusöngvari syngja einsöng. Hólaræðan að þessu sinni kemur í hlut Vilhjálms Egilssonar, rektors Háskólans á Bifröst.

- jse



**FRÁ VÍGSLUATHÖFNINNI Í FYRRA** Í gær var ár liðið frá þessari stundu þegar Sólveig Lára var vígð til biskupsdóms á Hólum. Hér er hún með Ögmundi Jónassyni, þáverandi innanríkisráðherra.

Eirberg



BAUERFEIND®

HLAUPTU LENGRA

## Viðurkenndar stuðningshlífar

- Virkur stuðningur
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Fjölbreytt úrval

Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara.

## Anita active íþróttabrjóstahaldarar

- Einstakur stuðningur
- Góð öndun
- Allt að 78% minni
- hreyfing á brjóstum
- Verðlaunuð hönnun
- Stærðir A-H 70-105

Anita active



reddot design award
winner 2011

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is






**1 HITABYLGJA Í SUÐUR-KÓREU** Þessi piltur lagðist flatur í gosbrunn í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, til að kæla sig niður. NORDICPHOTOS/AFP



**2 ÞJÓÐHÁTÍÐ UNDIRBÚIN Í PAKISTAN** Pakistanar fagna því á morgun að 66 ár verða liðin frá því landið varð sjálfstætt ríki. Víða má sjá fána til sölu á götum landsins af því tilefni. NORDICPHOTOS/AFP






**3 BETLARI Á INDLANDI** Natha er 55 ára fatlaður maður sem nælir sér í rúmlega 200 krónur á dag með betli á götum borgarinnar Amritsar. NORDICPHOTOS/AFP



**4 Á STRÖNDINNI Í TEL AVÍV** Palestínsk kona gengur fram hjá ferðamönnum á ströndinni í Tel Avív, höfuðborg Ísraels, daginn eftir föstulokahátíð múslíma. NORDICPHOTOS/AFP




www.promennt.is

# MARKAÐS- OG SÖLUNÁM • VEFSÍÐUGERÐ

**Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem hafa áhuga á markaðs- og sölumálum eða vefsíðugerð ættu ekki að láta þessi námskeið fram hjá sér fara.**

NÝ NÁMSBRAUT

## MARKAÐS- OG SÖLUNÁM - *hraðferð*

***MEÐ SÉRSTAKRI ÁHERSLU Á UPPLÝSINGATÆKNI OG STAFRÆNA MARKAÐSSETNINGU***

Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er.

VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Námstækni með MindManager hugarkortsforritinu
2. Tölvu- og upplýsingaleikni - hraðferð (Windows, Outlook, Word, Excel, Powerpoint)
3. Sölutækni (hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini)
4. Markaðsfræði (grunnþættir markaðsfræðinnar, vöruþróun, auglýsingatækni, markaðsrannsóknir o.fl.)
5. Markaðssetning á netinu
6. Google Adwords og Google Analytics
7. Facebook sem markaðstæki
8. Verkefnadagar/Lokaverkefni

Hefst: **10. september** • Líkur: **5. desember**
Tími: **Morgun- og kvöldhópur**
Lengd: **156 std.** • Verð: **167.000 kr.**

*Ég starfa í heilbrigðisgeiranum og langaði að bæta við mig þekkingu í markaðs- og sölufræðum. Námið var fjölbreytt og skemmtilegt og kennslan öll til fyrirmyndar. Við fengum góðan grunn í skipulags- og verkefnastjórnun, lærðum á Mindjet sem ég hef mikið notað síðan. Við lærðum um markaðssetningu á netinu (m.a. Google AdWords og GoogleAnalytics) en þar opnaðist fyrir mér nýr og afar spennandi heimur. Það var sérstaklega áhugavert og lærdómsríkt að námskeiðinu lauk með lokaverkefnum sem voru raunveruleg verkefni fyrir starfandi fyrirtæki. Takk fyrir mig.*

*Birna Berndsen, lauk Markaðs- og sölunámi 2013*

Skráning fer fram á **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

NÝ NÁMSBRAUT

## VEFSÍÐUGERÐ – *allur pakkinn*

Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir þá sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

- PHOTOSHOP MYNDVINNSLA FYRIR VEFINN.
- HTML og CSS
- DREAMWEAVER
- WORDPRESS
- LOKAVERKEFNI

Þátttakendur setja upp eigin vef frá grunni og fá aðstoð við að koma sér upp léni og vista síðuna á Netinu. Jafnframt er lögð sérstök áhersla á leitarvéla-bestun og að vefur virki jafnt í öllum vöfrum og snjalltækjum.

Hefst: **7. september** • Tími: **18–21:30**
**Lengd: 115 std.** • **Verð: 139.000 kr.**

MICROSOFT VOTTUN
*Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.*

FJARKENNSLA Í BEINNI
*Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.*

DAG- OG KVÖLDNÁM
*Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.*


**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • **promennt.is**


PIPAR\TBWA • SÍA

# SKOÐUN

Má stela efni á netinu af því að það er auðvelt?

## Eru netþjófar betri þjófar?

Forsvarsmenn deildu.net, skráadeilisíðu sem hefur misserum saman dreift höfundarréttarvörðu efni ólöglega á internetinu, ákváðu fyrir skemmstu að leyfa notendum síðunnar að deila sín á milli íslenzku efni, en ekki einvörðungu erlendu.

Með því verður lögbrotið sem þeir og notendur síðunnar fremja nálægara og áþreifanlegra; þeir koma í veg fyrir að íslenzkir listamenn og aðrir sem taka þátt í að skapa verk á borð við kvikmyndir, sjónvarpsþætti og tónlist, fái sanngjarnt gjald fyrir vinnu sína og ágóða af sölu hugverkanna. Það er verið að hafa lífsviðurværið af vinum okkar, nágrönnum og ættingjum – stela af þeim – ekki bara einhverjum útlendingum.

Enda þurfti þetta til að lögreglan setti aukinn kraft í rannsókn á deildu.net. Starfsemi síðunnar var kærð fyrir löngu, en lögreglan hefur lítið aðhafzt. Og er kannski vorkunn, því að vefurinn er hýstur erlendis og snúið að ná til ábyrgðarmannanna.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Málið er reyndar allt erfitt við að eiga. Fáir reyna að halda því fram að skráadeiling á netinu sé ekki brot á höfundarrétti. Þróun internetsins hefur hins vegar gert að verkum að stuldur á hugverkum og brot á rétti höfunda þeirra er afskaplega einfaldur og auðveldur. Og aðgerðir til að vernda höfundarréttinn á netinu geta leitt til brota á annars konar réttindum; ef elta á uppi einstaka netnotendur sem hlaða niður ólöglegu efni útheimtir það einhvers konar eftirlit með netnotkun. Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað að það færi gegn lögum að skylda netþjónustufyrirtæki til að setja upp síur til að koma í veg fyrir að notendur nálgist efni sem er dreift ólöglega.

Öðru máli gegnir um hvort hægt sé að loka einstökum síðum sem augljóslega hafa þann megintilgang að brjóta á höfundarrétti. Slíkt getur tæplega skert margumrætt netfrelsi, enda felur það varla í sér að gera megi hvað sem er á netinu. Í helgarblaði Fréttablaðsins kom þó fram að fjarskiptafyrirtæki telja sig skorta lagaheimildir til að loka fyrir aðgang að einstökum síðum án atbeina yfirvalda. Það er kannski engin furða; yfirvöldin eru fálmandi og þegar höfundalögin eru lesin er auðvelt að fá á tilfinninguna að internetið sé ekki til.

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur benti hins vegar á aðra hlið málsins í pistli sínum hér í blaðinu í gær: „Það að erfitt sé að koma alls staðar með lögregluaðgerðum í veg fyrir einhverja mannlega iðju getur aldrei táknað að samfélagið eigi þar með að fallast á hana,“ skrifar hann. Og bætir við að þótt tæknilega sé möguleg að gera eitthvað, verði það ekki þar með sjálfkrafa æskilegt.

Þetta er nefnilega siðferðisspurningin sem snýr að okkur sem notum netið, hverju og einu. Ætlum við að stela efni þar bara af því að það er auðvelt og engin ógn að fylgjast með? Er siðferðilega réttara að stela bók sem bóksalinn hefur sett á borð úti á gangstétt en bók sem er í hillu inni í búð og varin af þjófavarnakerfi? Auðvitað ekki.

Löglegum leiðum til að nálgast kvikmyndir, þætti og tónlist á internetinu fer fjölgandi. Við eigum að notfæra okkur þær og standast freistinguna að stela – þótt það sé auðvelt. Og brýna það sama fyrir börnunum okkar, rétt eins og við segjum þeim að það sé rangt að stela úr búðarhillum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Glópagull í sarpinn**

Í Fréttablaðinu í gær var bent á að IPA-styrkir Evrópusambandsins hefðu verið kallaðir ýmislegt; „glerperlur og eldvatn“ af Ögmundi Jónassyni, „siðlausar aðréttur“ af Haraldi Benediktssyni og bæði „fémútur“ og „Trójuhestur gulls“ af Jóni Bjarnasyni. Vigdísi Hauksdóttur fannst það ekki nóg og bætti enn einu lastyrðinu í púkkið í hádegisfréttum RÚV: „Glópagull“. Enn hefur enginn kallað styrkina „tálbeitu andskotans“, eins og það lætur nú vel í eyrum. Þess verður varla langt að bíða.



**Staða mála hér**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir að tillögur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hagræðingu í ríkisrekstri, niðurskurð og fleira séu óraunhæfar og bendi til þess að sjóðurinn sé „ekki nógu vel inni í stöðu mála hér“. Nú er það svo að sjóðurinn hefur á sínum snærum hóp af sérfræðingum í stöðu efnahagsmála á Íslandi, suma meira að segja íslenska, sem hafa undanfarin ár ekki gert neitt annað en að greina „stöðu mála hér“. Vera má að tillögur sjóðsins séu galnar en við skulum þá kenna einhverju öðru um en að starfsmenn hans hafi ekki kynnt sér málin.



**Eintómar vangaveltur**

Og meira um sendingar að utan: Í gær birtist pistill á viðskiptavef CNN eftir blaðamanninn Cyrus Sanati, þar sem Íslandi var líkt við tifandi tímasprengju og því spáð að efnahagur okkar gæti verið á leið fram af hengiflugi á nýjan leik. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gaf sér tíma til að ræða við vef Viðskiptablaðsins um pistilinn en þó aðeins til að neita að tjá sig – pistillinn væri eintómar vangaveltur og lítið um þær að segja. Það var nú aldeilis hughreystandi. Væri ekki einmitt ráð fyrir íslensk stjórnvöld að tjá sig um svona lagað og kveða dómsdagsspárnar í kútinn, vilji þau sannfæra Íslendinga og umheiminn um að minna sé að marka þær en sambærilegar spár í aðdraganda síðasta bankahrunsins?

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ósamræmi höfuðborgarsvæðis

SVEITARSTJÓRNARMÁL



**Pétur Ólafsson**
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi

Allt í kringum okkur eru bæjarfélög að glíma við alvarlegan fjárhagsvanda. Undanfarin ár hafa sveitarstjórnir þurft að hækka gjöld og draga saman í rekstri. Brátt förum við sem betur fer að sjá ljósið við enda ganganna og sveitarfélög geta aukið þjónustu sína á nýjan leik. Þá er að mínu mati kjörið tækifæri til að endurskoða þá þjónustu sem sveitarfélög veita með vissa samræmingu í huga, einkum stærstu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta snýst nefnilega ekki endilega bara um samkeppnishæfni sveitarfélaga og kapp þeirra til að laða til sín íbúa, eins og margir hafa haldið fram og er að mínu mati mikil einföldun. Fyrir flutningum liggja óteljandi ástæður og oft er það ekki þjónusta sveitarfélags sem ræður úrslitum. Þess vegna verða sveitarfélögin að tala meira saman með aukna samræmingu í huga vegna þess að það er í raun grundvallarréttur fólks að geta flutt á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu án þess að gríðarleg þjónustuskerðing blasi við þeim í nýju sveitarfélagi.

**Munurinn sláandi**

Höfuðborgarsvæðið er merkilegt fyrirbæri en þar er hægt að flytja sig um nokkra metra og blasir þá við manni nýr veruleiki. Tugir þúsunda króna á mánuði geta skyndilega fallið niður eða bæst við mánaðarreikninginn. Þetta getur ekki verið jákvæð þróun. Ég vil þó taka fram að ég er alls ekki að segja að öll þjónusta sveitarfélaga eigi að kosta eitt og hið sama. Alls ekki. Ég vil hins vegar taka einfalt dæmi af þessum ótrúlega mun sem ríkir milli sveitarfélaga.

Munurinn á dýrasta og ódýrasta sveitarfélaginu í leikskólagjöldum er allt frá 31% til 64%. Foreldra munar um það og skerðir þetta vissulega lífsgæði þegar flutt er frá ódýrasta yfir í það dýrasta. Þessi grein er skrifuð til að hvetja til umræðu án öfga og um leiðir til þess að ná að jafna eins og hægt er gjöld til íbúa milli sveitarfélaga. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga það skilið að stjórnmálamenn setji þá í fyrsta sætið og myndi sambærilega heild milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frekar en það sundurlyndi sem einkennt hefur sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu alltof lengi.

Flest eigum við það sameiginlegt að vilja búa í sveitarfélagi þar sem útsvarið er stillt í hóf án þess að það bitni á þjónustunni. Að hægt sé að vera með börn á leikskóla og í grunnskóla án þess að það kosti offjár og að vita með vissu að farið sé með útsvarsgreiðslur manns á sanngjarnan og vandaðan hátt. Flutningur milli sveitarfélaga án fjárhagsáfalla hlýtur að vera hluti af þessari sýn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fótaóeirð eða fótapirringur

**HEILSA**



Teitur Guðmundsson
læknir

Hver kannast ekki við það að þurfa að rétta úr sér, ganga aðeins um og teygja, jafnvel skvetta fótunum aðeins til vegna óþæginda frá þeim, finna til náladofa eða verkja. Slíkt er í sjálfu sér afar algengt og alls ekki sjúklegt nema í sumum tilvikum, en þá getur það haft veruleg áhrif á einstaklinginn, rænt hann svefni, ýtt undir vanlíðan og valdið einbeitingarskorti.

Í dag er talið að í Evrópu og Bandaríkjunum séu á bilinu 5-10% einstaklinga með það sem kallast Willis-Ekbom sjúkdómur eða Restless legs syndrome. Hér á landi tölum við yfirleitt um fótaóeirð eða fótapirring. Samkvæmt skilgreiningu þarf einstaklingur að finna reglulega fyrir verulegum óþægindum og mikilli hreyfiþörf í fótleggjum, lærum eða fótum og þá lýsa sumir einnig óþægindum í höndum og búk. Einkenni versna yfirleitt við hvíld, sérstaklega við að liggja eða sitja lengi, en skána við að hreyfa sig og algengast er að þau komi fram á kvöldin eða nóttunni. Sá sem þjáist af fótapirringi getur lýst margs konar einkennum fyrir utan verki. Þar má til dæmis nefna kláða eða brunatilfinningu, tog eða stingi, krampa og dofa – svo lýsingin getur verið fjölbreytt. Eitt eiga þó allir sammerkt, en það er að einkennin lagast við að hreyfa sig.

### Lyf geta ýtt undir einkenni

Þrátt fyrir að þessi sjúkdómur sé talinn þetta algengur og geti í raun komið fram á hvaða aldri sem er, er meirihluti einstaklinga kominn yfir miðjan aldur og kvörtun sjúklinganna oftar en ekki bundin við svefntruflanir þegar þeir leita læknis í stað þess að lýsa óþægindum í fótunum. Konur eru helmingi líklegri til þess að vera með sjúkdóminn og ættgengi er talsvert. Það er því lýst að allt að 25% kvenna á þriðja hluta meðgöngu fái fótapirring sem gengur yfirleitt til baka að lokinni meðgöngu. Orsökin er ekki almennilega þekkt en talið er að þetta sé miðtaugakerfissjúkdómur sem byggi á ójafnvægi í boðefnabúskap hans. Ýmsir aðrir þættir hafa líka áhrif, svo sem járnskortur, langt gengin sykursýki með úttaugasjúkdóm og langvinn nýrnabilun.

Greiningin er fengin með sögu og skoðun, blóðprufur eru fyrst og fremst til að útiloka aðrar orsakir. Myndgreining, taugaleiðnipróf og í sumum tilvikum svefnrannsókn eru notuð á svipaðan hátt svo það er tiltölulega auðvelt að greina vandann. Það getur hins vegar reynst þrautinni þyngra að meðhöndla hann, sérstaklega ef einkenni eru svæsin. Ýmislegt getur svo haft áhrif á einkenni viðkomandi en vel þekkt er að koffínneysla, áfengi, reykingar og lélegar svefnvenjur virðast skipta máli. Ýmis lyf geta svo aftur á móti ýtt undir einkenni, algengust þeirra hérlendis eru sennilega þunglyndis-, geðrofs-, ofnæmis- og ógleðilyf svo eitthvað sé nefnt.

### Einskorðast ekki við gamalt fólk

Markmið meðferðar byggir á því að forðast útleysandi atriði sem mest er mögulegt. Til dæmis er einstaklingum sem eru slæmir ráðlagt að stunda líkamsrækt, teygjur eða jafnvel jóga á kvöldin, víxlböð með heitu og köldu vatni, halda svefnvenjum góðum og reglubundnum, ferðast á dagtíma sé það mögulegt og haga lífi sínu að vissu leyti samkvæmt þessum útleysandi þáttum. Bætiefni eins og járn, B-vítamín og magnesíum geta gagnast og þarf að meta hverju sinni. Engin lækning er til við þessum sjúkdómi og meðferðin byggir fyrst og fremst á því að auka ákveðið taugaboðefni í heilanum sem kallast dópamín. Sú meðhöndlun er að vissu leyti lík þeirri sem við beitum gegn Parkinsonsjúkdómi. Engin tenging er þó við þann sjúkdóm svo vitað sé. Það eru einnig notuð flogaveikilyf, svefn- og róandi lyf, auk þess sem sterkum verkjalyfjum er beitt í sumum tilvikum.

Fjöldamargir kljást við fótapirring og einskorðast hann ekki við gamalt fólk. Meðferðin er bæði sértæk og almenn og því er mikilvægt að spyrja um einkenni fótaóeirðar hjá þeim sem lýsa svefnvanda. Finnir þú fyrir slíku og greining á vandanum liggur ekki fyrir er skynsamlegt að leita læknis.

Sá sem þjáist af fótapirringi getur lýst margs konar einkennum fyrir utan verki. Þar má til dæmis nefna kláða eða brunatilfinningu, tog eða stingi, krampa og dofa – svo lýsingin getur verið fjölbreytt. Eitt eiga þó allir sammerkt, en það er að einkennin lagast við að hreyfa sig.

# Framhaldsskólanám á Íslandi er ekki gjaldfrítt

**MENNTAMÁL**



Anna María Gunnarsdóttir
framhaldsskólakennari

➜ Á öllum Norðurlöndum, að Íslandi undanskildu, eiga nemendur rétt á einhverjum námsstyrkjum.

Íslensk menntayfirvöld láta gjarnan að því liggja að framhaldsskólanám á Íslandi sé gjaldfrítt og nemendum að kostnaðarlausu. Svo er ekki. Í framhaldsskólalögum 2008 eru nokkur ákvæði um útgjöld nemenda.

Íslenskum framhaldsskólum er heimilt að innheimta skráningargjöld, efnisgjöld og gjöld fyrir hluta af kennslu utan hefðbundins skólatíma, svo sem fyrir fjarnám og dreifnám, nám í kvöldskóla, síðdegisnám og sumarnám. Við lagasetninguna 2008 voru bundnar vonir við að stíga ætti skref í þá átt að nám í framhaldsskólum yrði nemendum raunverulega að kostnaðarlausu og finna má í lögunum ýmsar vísbendingar þar um. Í lögunum segir að fjárlög hvers árs tilgreini upphæð til að mæta kostnaði nemenda vegna kaupa á námsgögnum en þessu ákvæði hefur enn ekki verið hrint í framkvæmd.

### Réttur til styrkja

Framhaldsskólanemendur á Íslandi búa við mun meiri gjaldtöku en nemendur á hinum Norðurlöndunum. Líkt og á Íslandi er réttur til skólagöngu lögbundinn. Aðeins er mismunandi til hvaða aldurs sá réttur nær. Á Íslandi er hann til 18 ára, 20 ára í Svíþjóð, 19 ára í Danmörku og Noregi en til 17 ára í Finnlandi.

Á hinum Norðurlöndunum er skólaganga nemenda í framhaldsskólum gjaldfrjáls en í Finnlandi er framhaldsmenntun einungis ókeypis ef nemendur ljúka námi og ráðuneytið getur veitt skólum undanþágu til skólagjalda. Eins eiga nemendur í Svíþjóð, Danmörku og Noregi rétt á að fá námsefni bæði rafrænt og stafrænt án endurgjalds, þó með einhverjum takmörkunum í Finnlandi, þar sem framhaldsskólamenntun er einungis gjaldfrjáls ljúki nemendur námi.

Á öllum Norðurlöndum, að Íslandi undanskildu, eiga nemendur rétt á einhverjum námsstyrkjum. Námsstyrkirnir eru yfirleitt tekjutengdir og tengdir tekjum foreldra og heimilisaðstæðum allt til 20 ára aldurs nemenda.

Nemendur í Svíþjóð eldri en 17 ára fá sem svarar um 19.500 ISK á mánuði (1.050 SEK) í námsstyrki. Eins er því farið í Noregi, en þar fá nemendur eldri en 16 ára um 19.000-61.000 ISK í skólastyrki (930- 2.970 NOK) í skólastyrki. Í Danmörku fá nemendur eldri en 18 ára sem svarar 27.500-124.000 ISK (1.274-5.735) í skólastyrki á mánuði. Í Finnlandi fá allir framhaldsskólanemendur sem svarar 3.200-6.000 ISK á mánuði (20-38 EUR), auk þess sem þeir geta fengið um 9.000 ISK (54 EUR) endurgreiddar vegna ferðakostnaðar mánaðarlega. Þar við bætist að finnskir framhaldsskólanemendur fá fría máltíð í skólanum séu þeir í fullu námi.

### Verulegur kostnaður

Af þessu ætti að vera ljóst að því fer víðs fjarri að framhaldsskólanám sé gjaldfrítt á Íslandi og að kostnaður nemenda og foreldra þeirra er verulegur. Í nýlegri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins er lögð rík áhersla á að efla menntakerfið með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Í ljósi þess sem hér kemur fram er einsýnt að nýr menntamálaráðherra hefur verk að vinna ef standa á við þá stefnu í framhaldsskólalögunum að bæta hag nemenda.

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu




SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið


Stóri dagurinn
„Ef þú átt ekki miða, þá er bara einhver annar að vinna!“
Í síðasta útdrætti í júlí greiddum við **yfir 80 milljónir** til vinningshafa!
PIPAR\TBWA • SÍA • 132287

# 70 MILLJÓNIR
# Á EINN MIÐA!

## EINN MIÐI – ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

**70**

A

AÐALÚTDRÁTTUR

**70.000.000**

Í Aðalútdrætti vinna um **3.000** manns allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. Að meðaltali eru um **74 milljónir** greiddar út.

*MILLJÓNAVELTAN*

**70.000.000**

Í **Milljónaveltunni** drögum við út **10 milljóna** vinning sem hækkar um aðrar **10 milljónir** í næsta mánuði ef hann gengur ekki út.

1

MILLJÓN Á MANN

5 x **1.000.000**

Í **Milljón á mann**, fá **5 heppnir** vinningshafar **eina milljón** króna. Aðeins er dregið úr seldum miðum.

DRÖGUM
**Í DAG**
13. ÁGÚST

Fáðu þér
miða fyrir
**kl. 18.00**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

# Fær vef í afmælisgjöf frá ættingjum sínum

**Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, er níræður í dag. Hann hélt formlega upp á afmælið á sunnudag en býst frekar við að fá gesti í heimsókn í dag.**



**NÍRÆÐUR** Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, birtir daglega tíu daga veðurspá á Facebooksíðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við ákváðum að nýta sunnudaginn í að halda upp á afmælið, svo ég býst nú ekki við því að gera neitt sérstakt í dag. En auðvitað er líklegt að einhverjir gestir líti við í heimsókn," segir Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, sem er níræður í dag.

Þegar blaðamaður náði tali af Páli í gær spáði rigningu í dag en sjálfur hefur hann ekki miklar áhyggjur af veðrinu á afmælisdaginn. „Ég er ekki í netsambandi eins og er og hef því ekki gert veðurspár síðustu daga en venjulega set ég inn tíu daga veðurspár á Fasbókina á hverjum degi. Ég vil kalla Facebook Fasbók því það er langbesta orðið. Fas hefur tvær merkingar, framkoma og andlit, sem er mjög viðeigandi og ég kýs þetta orð fram yfir Fésbók, Snjáldurskinnu og fleiri orð sem stungið hefur verið upp á," segir Páll og segir Fasbókar-veðurspár sínar hafa mælst vel fyrir.

„Mörg þúsund manns fylgjast með spánum á Fasbók og verulegur fjöldi kvittar undir þær á hverjum degi. Tíu daga spá er þó nokkuð meira en gerist í sjónvarpi og útvarpi, þar sem vanalega er ekki spáð lengra en sex daga fram í tímann. Það er prýðilegt að hafa eitthvað fast að gera sem ætlast er til af mér að ég geri og það liggur við að ég segi að þessar spár gefi mér einhverja þýðingu," útskýrir Páll og hlær. Hann vaknar iðulega klukkan sex á morgnana, hefur vinnu við veðurspárnar um sjöleytið og hefur komið þeim inn á Facebook fyrir klukkan níu. „Mér var ýtt út í þetta á sínum tíma en Fasbókin er góð dægrastytting. Sumir liggja yfir henni daginn út og inn en ég passa mig á að láta hana ekki taka of mikinn tíma frá mér."

Í tilefni níræðisafmælisins hafa ættingjar Páls smíðað vefsíðu honum til heiðurs, Pallbergthorsson.is, þar sem meðal annars má finna viðtöl við afmælisbarnið, yfirlit yfir ævi hans og störf, greinar, myndir og ýmislegt fleira. „Ég er netsambandslaus og hef því ekki séð vefinn sjálfur en ég er afskaplega þakklátur fyrir að mér sé sýndur þessi sómi. Nú vona ég bara að það sem kemur fram á vefsíðunni verði mér til ekki skammar," segir Páll að lokum.

kjartan@frettabladid.is

---

†



Ástkær dóttir okkar, systir og mágkona,

**SÓLVEIG DÝRFJÖRÐ**
**Lindargötu 2, Siglufirði,**

lést föstudaginn 2. ágúst.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Erla Eymundsdóttir** — **Jón Dýrfjörð**
**Sigfús Dýrfjörð** — **Anna María Guðmundsdóttir**
**Helena Dýrfjörð** — **Björn Jónsson**
**Baldur Dýrfjörð** — **Bergþóra Þórhallsdóttir**
**Þórgnýr Dýrfjörð** — **Aðalheiður Hreiðarsdóttir**

**Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**LILJA ÞORGEIRSDÓTTIR**
**frá Mýrum í Villingaholtshrepp,**
**áður til heimilis í Furugerði 1, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn
10. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ingibjörg Hrund Björnsdóttir**
**Þorgeir Björnsson** — **Vilhelmína Sigurðardóttir**
**Þórdís Björnsdóttir** — **Eðvald Möller**
**Lilja Guðrún Björnsdóttir** — **Páll Helgi Möller**
**Gylfi Björnsson** — **Anna Þóra Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
systir, amma og langamma,

**JÚLÍA BALDURSDÓTTIR**
**Viðjuskógum 15, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn
9. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju
föstudaginn 16. ágúst kl. 14.00.

**Baldur Ragnar Ólafsson** — **Auður Líndal Sigmarsdóttir**
**Guðrún Ellen Ólafsdóttir** — **Guðjón Theodórsson**
**Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir** — **Birgir Guðmundsson**
**Jóhanna Baldursdóttir** — **Rafn Svan Svansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,

**GUNNAR MAGNÚS JÓNSSON**
**Walnut Creek,**
**Kaliforníu,**

andaðist miðvikudaginn 7. ágúst.

**Marta Carbajal (Jonsson)** — **Gerardo Carbajal**
**Jayson John Jonsson**
**Kalli Jonsson** — **Calvin Jung**
**Þórður Haukur Jónsson**
**Ragnhildur Jónsdóttir**

---

†



Okkar yndislega, ástkæra móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN HALLGRÍMSDÓTTIR**

lést á heimili sínu að Boðaþingi í Kópavogi
þann 2. ágúst sl. Útför hennar fer fram
frá Fíladelfíukirkju í dag, þriðjudaginn 13. ágúst kl.15.00.

**Hallgrímur Kristinn Hilmarsson** — **Nijole Hilmarsson**
**Hafdís Hilmarsdóttir** — **Baldvin R. Baldvinsson**
**Berglind Hilmarsdóttir** — **Óskar Borg**
**Elín Brynja Hilmarsdóttir** — **Eyjólfur Kolbeins**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Okkar ástkæri bróðir, mágur og föðurbróðir,

**SIGURBJÖRN BENEDIKTSSON**
**Bjössi**
**Stigahlíð 54, Reykjavík,**

lést á heimili sínu 4. ágúst. Útför fer fram frá
Háteigskirkju miðvikudaginn 14. ágúst
kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er
bent á Styrktarfélagið Ás.

**Bergur Benediktsson** — **Ragnhildur Þórarinsdóttir**
**Helgi Benediktsson** — **Kristín Helgadóttir**
**og bræðrabörn.**

---

†



Elskuleg eiginkona og móðir,

**EVA LIGTHART**

lést á hjúkrunarheimili í Rotterdam
þann 10. ágúst.

**Orri Steinarsson**
**Ísey Ligthart Orradóttir**
**Nói Ligthart Orrason**

---

†



Þökkum af heilum hug samúð og vináttu
sem okkur var sýnd við fráfall

**VIGFÚSAR GUNNARS HELGASONAR**
**verslunarmanns.**

**Helga Helgadóttir**

---

†



Ástkær sonur okkar, faðir og bróðir,

**PÉTUR RÓBERT TRYGGVASON**
**Rútsstöðum 2, Eyjafjarðarsveit,**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju
fimmtudaginn 15. ágúst klukkan 13.30.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en
þeim sem vilja minnast hans er bent á
hjálparsveitina Dalbjörg Eyjafjarðarsveit.

**Fyrir okkar hönd og annarra vandamanna,**
**Birgit M. Hjaltason, Tryggvi Hjaltason, Snædís Lind**
**Pétursdóttir, Markús Máni Pétursson**
**og systkini hins látna.**

---

†



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

**KONRÁÐ Ó. KRISTINSSON**
**áður til heimilis að Hvassaleiti 58,**
**Reykjavík,**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir
sunnudaginn 11. ágúst. Útförin fer fram
frá Digraneskirkju fimmtudaginn 15. ágúst kl. 15.00.

**Sigurður Konráðsson** — **Kristín Jóhanna Harðardóttir**
**Halldór Konráðsson** — **Þóra Þórhallsdóttir**
**Konráð Konráðsson** — **Bryndís Hinriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**LILÝ KARLSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Stóragerði 14,**

lést á Droplaugarstöðum föstudaginn
9. ágúst. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn
16. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar
er vinsamlegast bent á Rauða kross Íslands.

**Sigurður Geirsson** — **Steinunn Þ. Ólafsdóttir**
**Karl Geirsson** — **Þyri E. Þorsteinsdóttir**
**Margrét Geirsdóttir** — **Jóhann Másson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---

†



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR JÓNSSON**
**Lindargötu 57, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn
4. ágúst. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. ágúst kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á
Barnaspítalasjóð Hringsins, símar 543-3022 og 543-3025.

**Þórir Ólafsson** — **Sigrún Áskelsdóttir**
**Linda Ólafsdóttir** — **Hafsteinn Eyjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar ástkæri,

**SKÚLI MAGNÚSSON**
**járnsmiður,**
**Miðtúni 12, Selfossi,**

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju
fimmtudaginn 15. ágúst kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans
eru beðnir að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Guðbjörg Gísladóttir**
**Gísli Skúlason** — **Elísabet Valtýsdóttir**
**Skúli Gíslason** — **Sigríður Tinna Ben Einarsdóttir**
**Hákon Gíslason**
**Kári Hrafn Kjartansson** — **Guðrún Valdimarsdóttir**
**Berglind Emilía, Adríana Andrá, Arnhildur, Oddný**
**og Bergur Einir.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## ÓLÖF OG SKÚLI Í FRÍKIRKJUNNI

**Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson leika á tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík annað kvöld kl. 20.30. Hljómsveitin Vök mun einnig koma fram en hún gaf nýverið út sína fyrstu plötu. Ólöf Arnalds er á leið í stutta tónleikaferð um Evrópu til að fylgja eftir nýrri breiðskífu sinni.**


Hausverkur
Ekki þjást
Mígreni.is
MIGRELIEF
BEST OF SUPPLEMENTS AWARD WINNER
fyrirbyggjandi fæðubótarefni
Innheldur: 60 Töflur með Riboflavin - Magnesium Citrate Magnesium Oxide og Puracol Feverfew. 1-2 töflur á dag



AÐHALDS KRÓKABUXURNAR SÍVINSÆLU
nýkomnar aftur !
stærðir:
S,M,L,XL,2X
verð kr. 5.990,
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lokað á laugardögum í sumar
Vertu vinur



praxis
... þegar þú vilt þægindi
Boston
leður
Svart, Hvítt st. 35-48
Rautt st. 36-42
Blátt st. 36-47
Verð: 12.900 kr.
Lissabon
Dömusandalar m/ frönskum rennilás
Efni: leður
litur: Hvítt, Rautt, Svart
st. 36-42
Verð: 9.990 kr.
California
(afrafmagnaðir)
Efni: Leður
Litur: Svart, Hvítt
St. 35-46
Verð: 16.900 kr.
Paris
leður
Svart, Hvítt, Blátt m/microfib og rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 12.900 kr.
Verona
Svart, Hvítt
st. 36-41
Verð: 9.500 kr.
Dömusandalar m/frönskum rennilás
Efni: gervileður
Litur: Grátt/Blátt, Svart/Grátt
St. 36-42
Verð: 7.900 kr.
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað laugardaga




# HEFUR MIKLA TRÚ Á MAGNESÍUMOLÍU

**GENGUR VEL KYNNIR** *Sigurjón Sigurbjörnsson er 58 ára ofurhlaupari sem notar magnesíumolíu í úðaformi frá breska fyrirtækinu Better You. Með henni losnar hann við vöðvakrampa og hefur bætt sig í hlaupinu.*

Sigurjón, sem er hlaupari með meiru, hugsar vel um heilsuna. Fyrir 15 árum byrjaði hann að æfa hlaup og hefur náð gríðarlega góðum árangri, bæði í styttri vegalengdum og lengri. Hann átti besta tíma í heiminum í sínum aldursflokki árin 2011 og 2012 í 100 kílómetra hlaupi, á Íslandsmetið í 100 km hlaupi óháð aldri og gild aldursflokkamet í hinum ýmsu vegalengdum allt frá 1.500 m til maraþons. Nú í sumar hefur hann verið fyrstur í tveimur maraþonum og lætur ekkert stoppa sig.

### VÖÐVAKRAMPAR HEFTU ÁRANGUR

„Þegar ég var byrjaður að æfa langhlaup og æfingaálag jókst og vegalengdirnar urðu lengri fékk ég oft vöðvakrampa og náði ekki að jafna mig milli æfinga eins og ég hefði kosið," segir Sigurjón sem fór að kynna sér hvað hann gæti gert til að minnka vöðvakrampana og auka orkuna þannig að árangurinn yrði sem bestur. „Ég hugsa að sjálfsögðu vel um mataræðið og hvíld en álagið er mikið og ég þarf bætiefni," segir hann og segist hafa byrjað að nota magnesíumolíu í spreyformi frá breska fyrirtækinu Better You. „Ég ætlaði ekki að trúa árangrinum því í mínu fyrsta hlaupi eftir að ég byrjaði að nota magnesíumúðann fékk ég enga vöðvakrampa, bætti tímann og jafnaði mig rosalega fljótt. Ég gat meira að segja farið á æfingu daginn eftir og gert hnébeygjur sem hefði ekki verið séns áður. Þá varð ekki aftur snúið," segir Sigurjón ánægður með spreyið. Hann segist nota það daglega bæði fyrir og eftir æfingar, í keppnum og vera alltaf með brúsa í íþróttatöskunni. „Ég hef úðað á fólk sem hleypur með mér því til mikillar ánægju," segir hann og bendir á að til sé fullt af upplýsingum um magnesíumvörurnar frá Better You á Facebook-síðu Better You Ísland og á www.gengurvel.is.

### FLÖGURNAR GULLS ÍGILDI

Þegar æft er fyrir löng hlaup eða erfiða keppni sem krefst úthalds og styrks er æfingaálag oft mikið og hætt við að þreyta geri vart við sig. Sigurjón segist gríðarlega ánægður með magnesíumflögur sem settar eru í bað eða fótabað og hafa að hans sögn ótrúleg áhrif á endurheimt orkunnar. „Ég veit fátt betra en að leggjast í heitt bað með magnesíumflögum og stundum líður mér eins og ég geti hlaupið strax af stað eftir baðið, jafnvel þótt ég sé nýbúinn að hlaupa," segir hann og hvetur alla að prófa þessar frábæru magnesíumvörur. „Ég mun halda áfram að nota vörurnar frá Better You. Það er alveg á hreinu," segir Sigurjón að lokum og óskar öllum góðs gengis í hlaupunum sem fram undan eru.

**MAGNESÍUM FRÁ BETTER YOU**
Dagana 13.-25. ágúst verður 20% afsláttur af magnesíumspreyi frá Better You og Sore No More-kælikremi í öllum verslunum Lyfju.



**HLAUPARI**
Sigurjón er hættur að fá vöðvakrampa eftir að hann byrjaði að nota magnesíumolíu.


Stuðnings-stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.
• Auðveld í uppsetningu.
• Engar skrúfur eða boltar.
• Tjakkast milli lofts og gólfs.
• Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.
Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
• Margir aukahlutir í boði.
• Falleg og nútímanleg hönnun.
• Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
• Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# DREYMDI UM AÐ FÁ KRYPPU

**KEPPNISMAÐUR** *Hafnfirski ökuþórinn Stígur Keppnis tók upp sviðsnafn til að fá frið í einkalífinu áður en hann byrjaði að stela senunni í hressandi sjónvarpsþáttum sínum Motoring á ÍNN.*

Stígur Keppnis er sviðsnafn. Í fyrstu þótti mér hallærislegt að taka upp slíkt nafn en lét svo vaða og sé ekki eftir því. Ég fór heldur ekki í sjónvarp til að koma sjálfum mér á framfæri heldur mótorsporti,“ segir Stígur Keppnis, sem heitir líka Stígur í alvöru.

„Ég hef alltaf verið á kafi í bílasporti og um leið og ég fann fyrstu bensínlyktina var ég lagður í hann. Ungan dreymdi mig að eignast Volvo-kryppu og keypti eina slíka sem ég var byrjaður að breyta í tryllitæki þegar Jónas Karl Harðarson málari keypti sér keppniskryppu í Svíþjóð. Þá sá ég bíl drauma minna standa á bryggjunni og keypti í snarhasti af Jónasi,“ segir Stígur um kryppuna, sem er árgerð 1960 og enn að spyrna með bróður Stígs undir stýri.

„Keppnis-viðurnefnið er tilkomið vegna þess að sjálfur keppti ég mikið í mótorsporti á árum áður. Ég er einn af þessum Göflurum sem voru alltaf úti á kvartmílubraut eða með nefið inni í bílskúrum að kíkja á bandaríska kagga sem voru hluti af bílamenningu Hafnfirðinga á uppvaxtarárunum,“ útskýrir Stígur sem spyrnti í kvartmílu og sandspyrnu.

„Það er gífurlegt fjör í kringum mótorsport og á Íslandi stunda um 6.000 manns bílasport af einhverju tagi. Margir keppa einnig á Formula Off-Road í Evrópu, eins og torfæran kallast þar,“ upplýsir Stígur og bætir við að slys séu fátíð í íslensku mótorsporti.



**BARDAGAMAÐUR**
Stígur hyggst fara af stað með þætti um bardagaíþróttir í haust.
MYND/VALLI

„Akstursíþróttir eru heilnæmt sport og menn þurfa að vera vel á sig komnir til að ná árangri. Ökuþórar í fremstu röð ástunda allir heilbrigðan lífsstíl og eru reglumenn á áfengi og tóbak.“

Sjálfur lyftir Stígur lóðum, hleypur og stundar taí-box af kappi hjá Hress í Hafnarfirði.

„Ég hef alltaf verið duglegur að berja í sekkina en er kominn á þann aldur að ég læt vera að berjast við menn. Þegar keppnistímabilinu í mótorsporti lýkur í haust fer ég af stað með nýjan þátt, Fight Club, þar sem ég tek á karate, júdói og bardagaíþróttum sem aldrei fá umfjöllun í sjónvarpi.“

Í Motoring kemur Stígur víða við. Nýjasti liðurinn, Bílskúrsbandið, hefur vakið verðskuldaða athygli en þar þefar Stígur uppi efnileg, sem og fagmannleg, bílskúrsbönd sem taka lagið.

„Í bílskúrum leynist ævintýraveröld bílskúrsbanda sem ég hyggst gera betri skil í sérstakri þáttaröð í vetur,“ segir Stígur sem tætir um á kryppunni þegar tími gefst. „Það er ofboðslegt kikk að keyra kryppuna. Hún eyðir grimmt og gengur fyrir keppniseldsneyti sem kostar 1.200 kall lítrinn og nítrógasi á 3.500 krónur kílóið. Bílasport er því kostnaðarsamt og af keppniseldsneyti þarf að borga vegaskatt, sem er hróplegt óréttlæti. Skattlagningin er að drepa mótorsportið.“

■ thordis@365.is



**BÍLAMAÐUR**
Stígur er rafeindavirki en vílar ekki fyrir sér að taka bíla í sundur og setja saman, gera við gírkassann, vélina og hvaðeina sem til þarf í bílskúrnum. Hér er hann með kryppunni góðu, árgerð 1960 og enn í fullu fjöri.
MYND/VALLI

MEZINA
ROSEBERRY
Öflugt gegn blöðrubólgu
Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN

Nám sem nýtist þér!

**Skrifstofubraut I – staðbundið nám og fjarnám**

Tveggja anna hagnýt braut þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00.
Kennsla hefst 22. ágúst
**Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is**

Upplýsingar veitir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114.
Netfang inga.karlsdottir@mk.is

**Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi**

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi.
Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.
Inntökuskilyrði: Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00.
Kennsla hefst 22. ágúst
**Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is**




HÓTEL STJÓRNUN
HOTEL MANAGEMENT

for further information visit www.cesarritz.is or phone the office at 594 4000

WWW.MK.IS
Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI • UNIVERSITY LEVEL

César Ritz
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN

Viltu starfa á alþjóðavettvangi?
Do you want to work abroad?

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum.

Nemendur útskrifast með alþjóðlegt skírteini í hótelstjórnun og geta í framhaldi lokið BA námi í Sviss.

Námið fer fram á ensku.

An exciting new option for those who hold a university entrance certificate or a vocational certificate in the hospitality industry. Students graduate with a certificate in Hotel and Restaurant Operations and may continue their studies towards a BA degree at César Ritz Colleges in Switzerland.



INNRITUN STENDUR YFIR! ENROL NOW!

## BÍLAR & FARARTÆKI

hjól.is bestir í hjólum...



**FERÐAHJÓL M/ÖLLU**
Kawasaki Versys 650. Árg ,08, ek 10 þ.km. Hlaðið aukabúnaði og flott ásett verð, 890 þús! Rnr 124071



**TILBOÐSVERÐ 950 ÞÚS**
Honda VTX 1800. Árg ,02, ek 20 þ.mílur. Mikið breytt og möguleiki á 100% fjármögnun. Ásett verð 1.190þ! Rnr 123838



**MÖGULEIKI Á 100% VISA/ EURO**
Suzuki GSX-R 600. Árg ,06, ek 6 þ.km. Stórglæsilegt eintak á flottu verði, 780 þús! Rnr 123964



**SKOÐAR ÖLL SKIPTI**
Honda VTR 1000. Árg ,06, ekinn 20 þ.km. Flott ásett verð 750þ Rnr 123265

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

SUZUKI



Eigum gúmmíbáta í stærðum frá 2,9m - 4,2m á lager til afgreiðslu strax. Upplásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ E 250 cdi 4matic. Árgerð 2013, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.111079.



KIA Ceed lx 1.6 dísel sjálfsk.. Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.210078.



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2013, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.090.000. Rnr.140678.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

bíll.is bestir í bílum...



**DÍSEL Á FLOTTU VERÐI**
LAND ROVER Range rover HSE. Árgerð 2003, ekinn 233 Þ.KM, dísel leður lúga dráttarbeisli . Verð 2.980.000. Rnr.136265.sími 5773777



**DÍSEL EIÐIR 4-6L**
SKODA Octavia ambiente diesel. Árgerð 2009, ekinn 75 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.140.000. lán 1.500.000 Rnr.135930.sími 5773777



**4X4 VISALÁN Í BOÐI**
SKODA Octavia elegance combi 4x4. Árgerð 2002, ekinn 174 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.136271.sími 5773777.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

## Bílar til sölu



**FORRESTER TILBOÐ 295ÞÚS !**
Subaru Forrester 4X4 árg.'98 ek. 165þús sk.'14 ssk. krókur. TILBOÐ 295þús S. 891 9847.



**MUSSO SPORT 2,9 TURBO DISEL ÁRG 2005**
(mercedes benz vél) ek.118 þús km, beinskiptur 4x4 hátt og lágt drif, dráttarkr, ný sko 14, 5 manna, eyðir litlu um 8/ltr100 ásett verð 1290 þús TILBOÐ 820 ÞÚS möguleiki á allt að 100% láni í 36 mánuði 841 8955.




Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkominn! Rafbílar og Evrópsk hleðslutæki fyrir alla rafbíla. Bjóðum allar gerðir nýrra og nýlegra bíla frá helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is - S. 5522000.



Til sölu DAIHATSU GRAN MOVE, árg ,00, ek. 136 þ. Sjálfsk. Skoðaður ,14. Verð 330 þ. Uppl. í S: 893 5517



Austin Mini Cooper. Einn sá flottasti á landinu. Árg. 97. Ek. 73.þ.km. Vel með farinn og gott eintak. Sjón er sögu ríkari. Tilboð óskast. Kalli 840 0051.

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 490 ÞÚS**
VW BORA HIGHLINE 2002 ek.146 þús, beinskiptur, skoðaður 14, krómfelgur, spoilerkit, topplúga,filmur, cd,remus kraftpúst, sportinnretting ofl. flottur bíll ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS MÖGULEIKI Á 100% visaraðgreiðslum, s.841 8955

## Bílar óskast

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




Gerum við allar gerir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs. is - slattuvel.is

## Bátar




## Varahlutir




**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

**TOPPPRIF EHF. S. 773 4020**
Ræstingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gerum verðtilboð. toppthrif@toppthrif.is

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989




## Bókhald

Þekking, reynsla og þjónusta. Bókhald, ársreikningar, vsk, laun, ofl. Pegar árangur skiptir máli Guðmundur s. 772 5533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







**TRÖPPUVIÐGERÐIR**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-24. Rvk 101, s: 841 6795 Júlíja.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum hugmyndum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Senn líður að lokum útsölunnar. 20-50% afsláttur 4000 kr slá, með úrvalsfatnaði. Facebook: Beauty in Black

**UPPSLÁTTUR**
Byggingameistari getur tekið að sér stærri uppsteypu-verkefni. Er með steypumót, krana og allt sem til þarf. Föst verðtilboð. Hafið samband við Pál í s. 840 -6100.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Rétt loftræsting lækkar rakastig, bætir loftið og dregur úr líkum á myglusvepp. Íshúsið ehf www.viftur.is S:566 6000




Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000

## til sölu





Trampólin og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara, uppþvottavélar, Ford Explorer ,96 nýskoðaður ,14, frystikista, eldavélar, hjólastóll, video, reiðhjól, þríhjól, hlaupahjól, mikið af ódýrum dekkjum og felgum S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur er með opna samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með áherslu á Hugræna atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í S. 841-7010. hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE**
**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a-19 Rvk.
Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

250 fm. rými til leigu í Háholti Mosfellsbæ. Rýmið er bæði með gönguhurð og keyrsluhurð. Fleiri uppls. fást í síma 660-4472 hjá Magnúsi eða 660-4481 Ólafía.

Glæsileg 3ja herb. íbúð til leigu í 105R frá 1.sept. Fullbúin húsgögnum og borðbúnaði, sér bílastæði. Tilvalið fyrir fyrirtæki leiga255@gmail.com

Til leigu 3 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 140 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Með/án húsgagna. Uppl. 776 3260

## Sumarbústaðir



**GOTT SUMARHÚS TILBOÐ 2,9 MIL.**
25 fm. sumarhús til flutnings sem skiptist í stofu herbergi og snyrtingu á tilboði aðeins 2,9 milj. uppl.í síma 891 9847.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Sólning óskar eftir lagerstarfsmönnum í komandi dekkjatörn. Um framtíðarstarf getur verið að ræða. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Umsóknir sendist til einar@solning.is

Snælandvideo óskar eftir starfsfólki í fullt starf, um er að ræða vaktavinnu. Vinsamlega leggið inn umsókn á snaelandvideo.is eða hafið samband við Pétur í síma 693-3777. Athugið eingöngu er um fullt starf að ræða

Stundvís, reglusamur góður starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. S.553 8844.

Rizzo pizza Grensásvegi óskar eftir hressu starfsfóki í eftirfarandi stöður. Bílstjóra fyrir heimsendingar, viðkomandi mun einnig taka þátt í símsvörun og þjónustu. Þjónustufólk í almenna þjónustu. Reynsla æskileg. Umsóknir sendist á haukvi@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

# Efnistaka í landi Bjarga II í Hörgársveit

## Mat á umhverfisáhrifum

### Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu framkvæmdaraðila er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

**Skipulagsstofnun**

# Tillaga að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024

Tillaga að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 ásamt umhverfisskýrslu var auglýst í júní 2013 í samræmi við ákvæði 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 23. ágúst 2013.

Að svæðisskipulaginu standa Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð.
Tillagan ásamt fylgigögnum er aðgengileg á skrifstofum og vefsíðum hvers aðildarsveitarfélags og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.
Vegna minni háttar ágalla á birtingu skipulagstillögunnar á vefsíðum nokkurra viðkomandi sveitarfélaga er athugasemdafrestur framlengdur til föstudagsins **30. ágúst 2013.**
Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna áður en framlengdur athugasemdafrestur er útrunninn.

Athugasemdum skal skila skriflega til:
**Teiknistofu arkitekta,**
**Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf.,**
**Kaupangi við Mýrarveg,**
**600 Akureyri.**

**Eyjafjarðarsveit 12. ágúst 2013.**
**Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar**

## fasteignir

BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is • GSM 897 0047

Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

**Gunnarsbraut 47. efri sérhæð**
**Í dag Kl. 17.00 til 17.30.**



Glæsileg 126,7 fm. sérhæð auk 15,5 fm. bílskúrs á vinsælum stað í Norðurmýrinni. Sér inngangur. Samtals 142,2 fm. Anddyri með flísum á gólfi. Hol með eikarparketi. Eldhús með fallegri innréttingu og flísum á gólfi. Flísar milli skápa. Baðherbergi með flísum á gólfi, salerni og sturtu. Hjónaherbergi með skápum og parketi á gólfi. Björt og rúmgóð stofa og borðstofa með parketi. Útgengt úr borðstofu á svalir í vestur. Herbergi með parketi. Úr anddyri er gengið niður seyptan stiga á neðri hæð. Tvö rými sem eru vel nýtanleg sem herbergi eða tómstundaherbergi. Sér útgangur á lóð. Íbúðinni fylgir sameiginlegt þvottahús. Húsið er allt nýlega tekið í gegn að utan. Allt steinað með marmarasalla. Nýlegt gler í íbúð. Fallegur garður með trjám í góðri rækt. Næg bílastæði.
**Sölumaður Berg fasteignasölu sýnir.**

## atvinna

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Laus staða í grunnskóla**
**Skólaárið 2013 - 2014**

**Áslandsskóli** (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
Almenn kennsla á miðstigi

Allar upplýsingar veitir skólastjóri, Leifur S. Garðarsson.
Sjá einnig heimasíðu skólans.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

# ATVINNA

## Atvinna í boði

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Óskum eftir að ráða smiði og múrara í vinnu uppl.í síma 665-4984

**GEYSIR - BISTRÓ AÐALSTRÆTI 2 HLUTASTARF**
Erum að leita af röskum starfskrafti til starfa með okkur í eldhúsi og einnig í uppvask. Ekki yngri enn 18 ára.
**Upplýsingar veitir Anna í s. 517 4300**

**ÓSKUM EFTIR GÓÐRI SÖLUKONU Á BESTA ALDRI Í TÍSKUFATAVERSLUN OKKAR SEM FYRST.**
Um fullt starf er að ræða í ágúst og svo hlutastarf eftir það. Æskilegt að viðkomandi sé með reynslu af verslunar- og sölustörfum og hefur brennandi áhuga á tísku. Ríka þjónustulund, jákvætt viðmót og verður að geta starfað sjálfstætt.
**Ef þú ert heiðarleg, hress og kemur vel fyrir og hefur áhuga á þessu starfi þá endilega sendu okkur umsókn á tiskufataverslun@gmail.com.**

kvosin FERSKT OG FLJÓTT

**KVOSIN VIÐ INGÓLFSTORG**
leitar að framtíðarstarfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, dugleg(ur) til verka, 18 ára eða eldri og með góða íslensku og ensku kunnáttu.
**Vinsamlegast sendið ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur á telma@kvosin. is fyrir 22. ágúst.**

**KAFFI KLASSÍK KRINGLUNNI**
Óskar eftir vönu fólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

## Fundir

**FÉLAGSFUNDUR**
Hjá Sumarhúsafélaginu Hestvík verður haldinn 27 ágúst kl. 20.00 í Háskólanum í Reykjavík. Dagskrá: Kaup á rafmagnshliði og önnur mál. Stjórnin

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti

F A S T E I G N A S A L A N
# MIKLABORG
www.miklaborg.is

Við erum við símann
**569 7000**
Síðumúla 13 108 Reykjavík
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

200 Kópavogur

## Hlégerði 14

Einstaklega fallegt 207,5 fm einbýlishús á frábærum stað í vestubæ Kópavogs.

Lóðin er einstaklega falleg með miklum gróðri, heitum potti, matjurtargarði.

Aðkoma er góð og er innkeyrsla steypt og stimpilsteypa með snjóbræðslu við húsið.

Á 1. hæð eru stofur, herbergi, eldhús og nýuppgert baðherbergi með þvottaaðstöðu

Á 2. hæð eru fjögur ágæt herbergi og baðherbergi.

Bílskúrinn er 53,2 fm og er auðvelt að nýta hluta hans sem stúdíoíbúð eða vinnuaðstöðu.

Verð **54,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson,** sölufulltrúi
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300



**OPIÐ HÚS**
**Þriðjudag 13. ágúst 17:30 - 18:30**





200 Kópavogur

## Meðalbraut 24

Glæsilegt og einstaklega vel staðsett 268 fm tvílyft einbýlishús í Vesturbæ Kópavogs.

Húsið er með innbyggðum bílskúr og 42,6 fm geymslu.

Samtals er flatarmál eignarinnar 310,6 fm.

Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar.

Frágangur hússins, allt skipulag og efnisval er gott.

Mikið hefur verið lagt upp úr smáatriðum.

Rúmgott hellulagt bílaplan með hita fyrir nokkra bíla og stór afgirt timburverönd.

Húsið stendur innst í botnlanga og er með sjávarútsýni.

Verð **79,9 millj.**



**OPIÐ HÚS**
**Þriðjudag 13. ágúst 17:30 - 18:00**







Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

170 Seltjarnarnes

## Hrólfsskálavör

Sérlega vel staðsett 320 fm einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Seltjarnarnesi.

Garðurinn snýr í suður og er mjög skjólsamur og liggur niður í fjöru.

Eignin er með 3 svefnherbergjum sem og 3ja herbergja aukaíbúð með sérinngangi en auðvelt er að taka hana inn í húsið og búa til 3 góð svefnherbergi eða vinnurými.

Húsið hefur alla tíð fengið gott við hald og er um eign í algjörum sérflokki að ræða vegna staðsetningar.









Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason,** Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is **sími:** : 822 2307

Verð **147 millj.**

**MIKLABORG** - með þér alla leið - **569 7000**




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | 5 | 9 | |
| 3 | | | | 4 | | | 7 | 2 |
| | 5 | 6 | | | | 8 | 1 | |
| | | 3 | | | 4 | | | |
| 6 | 4 | | 5 | 7 | | 2 | | 1 |
| 9 | 2 | | | | | | | 6 |
| 2 | | | | 3 | 7 | | 4 | 9 |
| 7 | | 1 | | | | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | | | | | 6 | 9 |
| | | | | 6 | 2 | | 4 | |
| | | 9 | 1 | 4 | | 7 | | 3 |
| 3 | | | | | | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 4 | 5 | 2 | | 9 | | 3 | | 6 |
| | 2 | | | | 4 | | 5 | |
| 9 | | 1 | 7 | | | 4 | | |
| | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 5 | | | 8 | |
| 1 | | | | 6 | | | 7 | |
| | 7 | 8 | 1 | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | | 3 | 5 | |
| | | 2 | | 3 | 1 | | | |
| 8 | | | | | | | | 2 |
| | | | 3 | 9 | 2 | 8 | | |
| | | | 5 | | | | | |
| 2 | | 1 | | 4 | 8 | 9 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes



**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Að vera góður í viðskiptum er sú listgrein sem er mest heillandi. Að græða pening er list og að vinna er list og góð viðskipti eru besta listgreinin.“

*Andy Warhol*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** útdeildu, **6.** eftir hádegi, **8.** nafar, **9.** sægur, **11.** tveir eins, **12.** bit, **14.** fótmál, **16.** tveir eins, **17.** beita, **18.** drulla, **20.** 49, **21.** krukka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bein, **3.** í röð, **4.** formaður, **5.** dýrahljóð, **7.** merkastur, **10.** segi upp, **13.** af, **15.** bylta, **16.** hald, **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** eh, **8.** bor, **9.** ger, **11.** rr, **12.** glefs, **14.** skref, **16.** tt, **17.** áta, **18.** aur, **20.** il, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** legg, **3.** áb, **4.** forseti, **5.** urr, **7.** helstur, **10.** rek, **13.** frá, **15.** fall, **16.** tak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Dagur Arngrímsson (2385) tók þátt í Arad-mótinu í Rúmeníu sem lauk fyrir skemmstu. Í áttundu umferð hafði hann hvítt gegn Christian Palamar (2111).**

**Hvítur á leik**



44. Hxf7! g6 (ef 44...Dxf7 þá 45. Dc8+ Df8 46. Bc4+) 45. Df4 Dxf7 46. Bc4 og svartur gafst upp skömmu síðar. Dagur hlaut 7 vinninga í 9 skákum og endaði í 3.-10. sæti.

**www.skak.is.** Borgarskákmótið fer fram í dag.

# LÆKKUM VERÐ




SAMSUNG

**Nýja 6000 línan frá Samsung. 40“ Full HD 3D LED sjónvarp með 200Hz Clear Motion Rate.**
**2 Active þrívíddargleraugu fylgja. 20w Dolby Digital Plus hljóðkerfi með DTS Premium Audio 5.1**




RISA VERSLUN BEINT Á MÓTI IKEA!

*Tilboðin gilda 9.-16. ágúst eða meðan birgðir endast.*

*Verðvernd Max*
**33 DAGAR**

*Skilaréttur Max*
**33 DAGAR**

**MAX RAFTÆKI**

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

**SÍMI 412 2200**

**BEINT Á MÓTI IKEA**

# Skuggamyndir, vídeó og klipping

Í Myndlistaskólanum í Reykjavík stendur yfir námskeið í hreyfimyndagerð. Nemendurnir eru kennarar í hinum ýmsu skólum landsins sem njóta þess að viða að sér hugmyndum fyrir vetrarstarfið fram undan. Þeir verða líka að halda í við sína nemendur í tækni.

Hreyfimyndagerð býður upp á ótal möguleika. Það sannfærist blaðamaður um í örstuttri heimsókn á námskeið í Myndlistaskólanum í Reykjavík í JL-húsinu við Hringbraut. Þar eru hversdagslegir hlutir eins og grammófónplata, plastsvín og sultukrukka orðnir að ævintýrum með því að bregða þeim upp sem skuggamyndum á mismunandi stórum skala. Litablöndun, teikningar, úrklippur, leir, hljóðsetning og vídeóklippingar blandast einnig saman í námsefninu.

„Börn og unglingar eru orðnir svo vanir að hugsa myndrænt, með aukinni notkun hinna ýmsu miðla, og vægi okkar myndlistarkennaranna hefur vaxið í samræmi við það. Við þurfum að hanga með í tækninni, segir Dagný Sif Einarsdóttir, myndlistarkennari í Seljaskóla. Hún er ein þeirra kennara sem nýta sér námskeiðið. Dagbjört Hansdóttir, kennari í Ölduselsskóla, tekur undir það. „Já, krakkar eru mjög áhugasamir um svona tæknilega hluti, sérstaklega strákarnir.“ Þeim ber saman um að þær séu búnar að læra heilmikið á námskeiðinu.

„Hér er verið að kenna okkur á forrit sem við náum í ókeypis á netinu. Svo er hægt að nota litlar vefmyndavélar á þúsund krónur og krakkar geta farið að vinna svona hluti heima án þess að kosta miklu til. Það finnst mér svo sniðugt,“ segir Dagný Sif.

Námskeiðið skiptist í fjórar starfsstöðvar og nemendurnir flakka á milli. Alls staðar eru viðhafðir einhverjir galdrar. Á einni þeirra snýst vinnan um að finna efni á netinu, bæði myndir og hljóð, og gera eitthvað nýtt úr því. „Börn og unglingar horfa svo mikið á alls konar efni í tölvu- og internetumhverfi nútímans en eru kannski minna að gera eitthvað skapandi,“ útskýrir Þorbjörg Jónsdóttir kennari og segir pælinguna að reyna að breyta því og gera þá ekki bara að neytendum heldur líka notendum. Ljóst er að útkoman getur orðið afar fjölbreytt og gamlar sögur ná að öðlast nýtt líf í nýjum búningi.

gun@frettabladid.is



**EINBEITTAR** Dagný Sif Einarsdóttir og Dagbjört Hansdóttir stjórna ljósi og skuggum af list.



**AUSTFIRSKT ÞEMA** Unnur Sveinsdóttir úr Fellaskóla í Fellabæ og Halla Helgadóttir úr Grunnskóla Reyðarfjarðar fjalla um hreindýrin og fleira austfirskt í tvívídd og þrívídd.



**GALDRAR** Heiða Björk Vignisdóttir og Ína Salóme Hallgrímsdóttir eru klárar í hreyfimyndagerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




# Eyjan græna í skáldskapnum

Einar Már Guðmundsson rithöfundur tekur á móti gestum á hlaði Viðeyjarstofu í kvöld og spjallar um eyna út frá skáldverkum sínum og sjónarhóli í Vogahverfi.

„Viðey er að hluta til ævintýraeyja í mínum huga. Hún er kannski engin föst stærð í skáldskapnum en hún er þar á sveimi,“ segir Einar Már rithöfundur, sem ætlar að spjalla við gesti Viðeyjar í kvöld. Þar ætlar hann að ræða um eyjuna í skáldlegu samhengi og hvernig hún hefur leitað á huga hans. Sem dæmi um það fer hann með lítið ljóð í símann fyrir blaðamann:

*Eyjan græna*
*þar sem klaustrið bíður enn eftir*
*munkunum*
*sem eru fyrir löngu farnir*
*og koma aldrei til baka,*
*nema stundum,*
*dulbúnir sem túristar.*

Spjallið hefst klukkan 19.30 og siglt verður til Viðeyjar frá Skarfabakka kl. 18.15 og 19.15. Viðeyjarstofa verður opin og þar er hægt að fá sér hressingu. Ef illa viðrar verður samkoman færð þangað inn.

gun@frettabladid.is



**RITHÖFUNDURINN** Einar Már ætlar að ræða um Viðey í skáldlegu samhengi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




**Thomson 42FU2253**

**99.990**

VERÐ ÁÐUR **119.990**

Einfalt en gott 42“ sjónvarp með háskerpu 100 riða LED skjá á ómótstæðilegu verði.

**Myndgæði**
Vandaður háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn og 100Hz Clear Motion Index ásamt Pure Image 2 örgjörva.

**Tengimöguleikar**
Tækið er vel tengjum búið með 3 HDMI tengjum, USB tengi, Scart, Component, VGA, CVBS, Coaxial og Heyrnatólstengi ásamt CI+ Rauf.

***Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is***

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

THOMSON



**VÖK** Hljómsveitin Vök hefur gefið út EP-plötuna Tension. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Afslappandi rafpopp

★★★☆☆

**Vök**
Tension
**RECORD RECORDS**




Dúettinn Vök, sem er skipaður Margréti Rán Magnúsdóttur og Andra Má Enokssyni, sigraði í Músíktilraunum í vor og er hér mættur með sína fyrstu EP-plötu. Hún hefur að geyma fimm lög og eru þrjú þeirra með íslenskum textum en hin tvö með enskum.

Vök spilar rólegt og afslappað rafpopp sem ætti að falla í kramið víða. Í tónlistinni má finna líkindi með annarri sigursveit Músíktilrauna, hinni íslensku Samaris, og einnig Fever Ray.

Góður söngur Margrétar Ránar og raftaktar Andra Más passa vel saman og mynda þægilega heild sem lofar góðu um framhaldið. Blásturshljóðfæri og huggulegir gítartónar ljá tónlistinni einnig fallegan blæ og gera til dæmis mikið fyrir besta lag plötunnar, Before.

**Freyr Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Afslappað rafpopp sem lofar góðu um framhaldið.

# Strengjaleikarar spila á Suzuki-bíla

## Spila nýja íslenska tónlist í bland við erlend meistaraverk 20. aldar tónlistar.

SKARK er hópur ungra íslenskra strengjaleikara sem kom fyrst saman fyrir sex árum. Fyrir hópnum fara þau Bjarni Frímann Bjarnason, Viktor Orri Árnason og Guðný Þóra Guðmundsdóttir. Um það leyti sem krakkarnir fóru að spila saman voru þau flest að ljúka tónlistarnámi á Íslandi en héldu eftir það flest til útlanda til frekara náms. „Við stofnuðum SKARK til að fá tækifæri til að koma fram saman einu sinni á ári og halda þannig sambandi þrátt fyrir búsetu úti um allar jarðir,“ segir Bjarni Frímann Bjarnason, meðlimur í SKARK.

„Við höfum með árunum fikrað okkur meira inn á svið samtímatónlistar og reynum að spila mikið af nýrri íslenskri tónlist í bland við erlend meistaraverk 20. aldar tónlistar,“ bætir Bjarni Frímann við.

Í sumar kom SKARK fram á vinnustofu Ólafs Elíassonar listamanns í Berlín í tilefni af Þýskalandsferð Ólafs Ragnars Grímssonar.

„Þar frumfluttum við íslensku verkin tvö sem hljómuðu í bílastæðakjallara Hörpu á föstudaginn,“ segir Bjarni jafnframt. Viðtökurnar voru mjög góðar á umræddum tónleikum, en þar hafði SKARK bætt eins konar véladeild við sveitina.

„Þar er um að ræða fjórar eldri Suzuki-bifreiðar og ökuþóra sem hafa einkum það hlutverk með höndum að auka við og skerpa sjónrænan þátt tónleikanna,“ útskýrir Bjarni.

Með þessum æfingum vilja krakkarnir fjölga áheyrendum og áhangendum samtímatónlistar, gera hana aðgengilegri og meira spennandi.

SKARK fór ótroðnar slóðir í markaðssetningu á tónleikunum sem hópurinn hélt á föstudaginn.

„Við fórum með hluta af sveitinni og spiluðum stutt sýnishorn úr efnisskrá tónleika okkar á bensínstöðvum, hótelum, Kringlunni, Laugardalslaug, Vínbúðinni, Reykjavíkurflugvelli og víðar. Undirtektirnar voru jafnmisjafnar og staðirnir voru margir,“ segir Bjarni.

„Við gerðum hvergi boð á undan okkur og öryggisverðir sums staðar voru ekkert sérstaklega ánægðir, en við vorum yfirleitt búin að ljúka okkur af og í þann mund að pakka niður þegar þeir mættu,“ bætir Bjarni við.

Fram undan eru tónleikar á listahátíð í Harpefoss í Noregi þann 24. ágúst næstkomandi. Að sögn Bjarna verður þá eitthvað nýtt uppi á teningnum. olof@frettabladid.is



**SKARK Í LAUGARDALSLAUGINNI** Sveitin auglýsti tónleika sína í síðustu viku með óhefðbundnum hætti. MYND/GUÐNÝ ÞÓRA

> **Við gerðum hvergi boð á undan okkur og öryggisverðir sums staðar voru ekkert sérstaklega ánægðir, en við vorum yfirleitt búin að ljúka okkur í af og í þann mund að pakka niður þegar þeir mættu.**



**ÆFING** Viktor Orri og Bjarni Frímann á æfingu.






**TILBURY** Þormóður Dagsson og félagar hafa lokið upptökum á nýrri plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tilbury ferðast norður í land

Tilbury hefur nýlokið upptökum á sinni annarri plötu og af því tilefni spilar hljómsveitin þrívegis norður í landi ásamt Snorra Helgasyni.

Fyrst verður spilað í félagsheimilinu Rimum í Svarfaðardal á fimmtudaginn, svo á Græna hattinum á Akureyri á föstudag og loks á tónlistarhátíðinni Gærunni á Sauðárkróki á laugardag. Nýju lögin verða prufukeyrð í bland við lög af fyrri plötu Tilbury, Exorcise, sem kom út í fyrra. Væntanleg plata sveitarinnar kemur út í október og kemur fyrsta lagið út um miðjan ágúst. - fb


RIGG
Music & events
HEIÐURSTÓNLEIKAR
BEE GEES
SÖNGVARAR:
PÉTUR ÖRN GUÐMUNDSSON - FRIÐRIK ÓMAR - MATTHÍAS MATTHÍASSON
JÓGVAN HANSEN & JÓHANNA GUÐRÚN
Ásamt 8 manna hljómsveit og dönsurum
ÖLL VINSÆLUSTU LÖG
BEE GEES Á TÓNLEIKUM
35 ÁR FRÁ FRUMSÝNINGU
"SATURDAY NIGHT FEVER"
Í HÁSKÓLABÍÓ, 7. OKTÓBER 1978
HÁSKÓLABÍÓ 12. OKTÓBER KL. 20:00
HOF, AKUREYRI 26. OKTÓBER KL. 20:00
Miðasala hefst í dag kl. 10:00 á midi.is
og á www.menningarhus.is
MIÐAVERÐ 6900.-
N4
HÁSKÓLABÍÓ
BÍLALEIGA AKUREYRAR
National Car Rental

# Brattari á útlensku

BAKÞANKAR
Ólafar Skaftadóttur



Á mínum stutta blaðamannsferli hef ég tekið viðtöl við nokkra bráðskemmtilega útlendinga sem hingað komu vegna áhuga á hruninu og meintum hetjuviðbrögðum Íslendinga við því.

**SUMUM** finnst flott hvernig smáþjóðin stóð þétt saman og sendi umheiminum fingurinn, hvort sem það er nú satt eða logið. Þeir telja okkur sakleysingjana hafa neitað að gangast í ábyrgð fyrir skuldum banka sem féllu með braki og brestum. Þeir halda að sérstakur saksóknari hafi fengið meiru áorkað en orðhákurinn Brynjar Níelsson heldur fram. Þeim finnst við eyjarskeggjar svolítið eins og landið; kröftugir og óútreiknanlegir.

**ÞAÐ** er enginn dómari í eigin sök en mér finnst við ekki vera svo ólík fólki sem ég hef kynnst í öðrum löndum. Og þó að ég umgangist daglega vini og kunningja sem eru hæfileikaríkir og skemmtilegir hef ég aldrei látið mér detta í hug að í hópnum væru fleiri hetjur eða snillingar en gengur og gerist annars staðar. Ekki heldur fleira fólk með glæpahneigð.

**ÉG** leyfi mér að efast um að gests augað sé eins glöggt og máltækið segir. Líklega er mynd margra ferðamanna af þjóðinni einhvers konar ímynd byggð á ófullkomnum fréttum og auglýsingum – eða bara hreinni ímyndun.

**EN** landið blekkir engan. Ógnandi eldfjöll, mosavaxið hraun, leiftrandi norðurljós, magnaðir fossar, lygnir firðir, úfið haf og brjálað veður blasa við ferðamanninum. Svo setur hann samasemmerki milli lands og þjóðar. Ég er ekki viss um að sú jafna sé rétt reiknuð.

**ÉG** endurtek, enginn er dómari í eigin sök, en oft finnst mér við vera hnípin þjóð, öfugt við tignarlegt landið. Það sjá gestirnir aftur á móti ekki. Enda skilja þeir ekki íslensku, sem betur fer. Við setjum greinilega upp sparisvip þegar við tölum útlensku – verðum miklu brattari.

**TUNGUMÁLIÐ,** sem enginn skilur, virðist þannig hjálpa okkur að fela útbreitt heimilisböl – bölmóð, þras og svartsýni.



**SVALUR** The Game rauk í reiðikasti út af veitingahúsinu Houston í Kaliforníu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hent út af veitingastað fyrir að vera húðflúraður í hlýrabol

## The Game rauk út í reiðikasti og segist hafa orðið fyrir kynþáttafordómum.

Það líkar víst ekki öllum við húðflúr bandaríska rapparans The Game, að hans sögn. Game, eins og hann er kallaður, var staddur á veitingahúsinu Houston í Pasadena í Kaliforníu nú á dögunum þar sem hann hafði hugsað sér að snæða hádegismat. Honum var hins vegar neitað um þjónustu og sagt að yfirgefa staðinn undir eins þar sem hann væri í hlýrabol. Í blaðaviðtali segir Game að þar sem hitinn hafi verið vel yfir 30 gráður hafi hann að sjálfsögðu verið í hlýrabol og harðneitaði að fara eftir fyrirmælum veitingastjórans. Veitingastjórinn á að hafa haldið því fram að rapparinn ylli gestum matsölustaðarins miklu ónæði og þeir gætu jafnvel orðið hræddir.

Atvikið vakti litla lukku hjá rapparanum og á Twitter-síðu sinni segir Game að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem hann verði fyrir kynþáttafordómum á umræddum veitingastað. Game fór því af staðnum í brjálæðiskasti en fékk þó að borða þar sem veitingastaðurinn Kitchen Pizza tók vel á móti honum. Þar hafi það ekki skipt máli að hann væri húðflúraður í hlýrabol. Veitingastjóri Houston sagði í viðtali vegna atviksins að þetta hefði ekkert haft með húðflúr Games að gera. Það séu strangar reglur um klæðaburð á staðnum og skiptir þá engu máli hvort þú sért frægur rappari eða ekki.



**RIHANNA** Söngkonan Rihanna harðneitar að borga allan reikninginn.

# Vill ekki borga reikninginn

Útfararþjónusta á Barbados hefur stefnt Rihönnu fyrir að neita að greiða tæplega 18 milljóna króna reikning vegna jarðarfarar ömmu hennar sem lést í júlí. Clara Braithwaite lést úr krabbameini á Barbados og skipulagði barnabarn hennar útförina og heljarinnar erfisdrykkju þar sem öllu var til tjaldað. Rihönnu þótti reikningurinn hins vegar alltof hár og hefur sæst á að greiða einn fjórða hluta reikningsins.

# Chaka Khan sagði Lindsay að þroskast

## Chaka Khan fór fyrr heim af meðferðarstöð í Kaliforníu vegna barnalegrar hegðunar Lindsay Lohan.

Lindsay Lohan fór í fínustu taugar söngkonunnar Chaka Khan á meðan þær stöllur dvöldu á Cliffside-meðferðarstöðinni í Kaliforníu nýverið. „Chaka fannst aðstaðan á Cliffside rosalega fín en Lindsay gerði ekki annað en fara í taugarnar á henni og hún fékk algjörlega nóg," sagði heimildarmaður við vefsíðuna RadarOnline.com. „Lindsay gerði bara allt til þess að fá athygli og Chaka sagði við hana að hún væri fáránlega barnaleg og sagði henni að þroskast. Í eitt skiptið spurði hún Lindsay hvort hún hefði skráð sig í meðferð til þess að vinna bug á vandamálum sínum eða til þess að fíflast," bætti heimildarmaðurinn við og sagði Chaka jafnframt hafa neitað að sækja fundi á sama tíma og Lindsay. Ástandið varð svo slæmt að Chaka skráði sig úr meðferðinni fyrr einungis til þess að komast hjá því að umgangast leikkonuna.



**VANDRÆÐAGEMSI** Lindsay Lohan hefur ekki átt sjö dagana sæla. GETTY/NORDICPHOTOS

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSL TAL
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE WAY WAY BACK | 6, 8, 10.10 | 12 |
| ONLY GOD FORGIVES | 10.10 | 16 |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50 3D | L |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50, 6 2D | L |
| GROWN UPS 2 | 6, 8 | L |
| R.I.P.D. | 8 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50 2D | L |
| THE HEAT | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
BRUCE WILLIS ÁSAMT HEILU HERLIÐI AF LEIKURUM ERU FRÁBÆR Í ÞESSARI MÖGNUÐU GRÍN/SPENNUMYND
RED 2
"STATHAM ROCKS AS A VIGILANTE WITH A HEART IN THIS POWERHOUSE THRILLER!"
JASON STATHAM ER GRJÓTHARÐUR Í ÞESSARI MÖGNUÐU SPENNUMYND
STÓRKOSTLEG TEIKNIMYND FRÁ SNILLINGUNUM HJÁ DISNEY/PIXAR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D
STRUMPARNIR 2
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| HUMMINGBIRD VIP | KL. 10:30 | VIP |
| RED 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 | VIP |
| GAMBIT | KL. 6 - 8:30 | 7 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 10:30 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENS TAL 2D | KL. 3:40 - 8 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 10:20 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 2D | KL. 4 TILBOÐ 400 KR. | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 3D | KL. 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RED 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | 12 |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 10:30 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL | KL. 2D: 3:20 - 5:40 3D: 3 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 10:10 | 12 |
| GROWN UPS 2 | KL. 8 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
LÚXUS
BÚIÐ YKKUR UNDIR ÓÞEKKTIR!
-D.M.S. - MBL
-T.V. BÍÓVEFURINN/VIKAN

| SMÁRABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| THE TO DO LIST | KL. 3.20 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 10.30 | 14 |
| WOLVERINE 3D LÚXUS | KL. 10.30 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 3.20 - 10.30 | L |
| THE HEAT | KL. 10.30 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| WAY WAY BACK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL.5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 5.40 – 8 | L |
| THIS IS THE END | KL. 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
STRUMPARNIR 3D KL. 6 L
ONLY GOD FORGIVES KL. 8 - 10 16 / WOLVERINE 3D KL. 10 14
GROWN UPS 2 KL. 6 - 8 L

Miðasala á: midi.is og eMiði

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS




HÁSKÓLABÍÓ · HLJÓÐX · midi.is

**MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800**

MIÐAVERÐ 6.500 KR · HÚSIÐ OPNAR KL 19:00 · TÓNLEIKAR HEFJAST KL 20:00

## Var Ronaldo í Manchester?

**FÓTBOLTI** Samskiptamiðlar loguðu seinni partinn í gær eftir að það spurðist út að Cristiano Ronaldo væri staddur í Manchester. Bæði blaðamaður Sky Sports og Paddy Crerand hjá MUTV, sjónvarpsstöð Man. Utd, sögðust hafa heimildir fyrir því að Ronaldo væri í Manchester.

Ronaldo á enn eftir að skrifa undir nýjan samning við Real Madrid en núverandi samningur rennur út sumarið 2015.

Svo vakti það athygli að Antonio Valencia skyldi hætta að spila í treyju númer sjö en Ronaldo lék í þeirri treyju hjá félaginu.

Ronaldo fékk leyfi til þess að koma til móts við portúgalska landsliðið seint í gær og því geta þessar sögur verið sannar.

Stuðningsmenn Man. Utd halda því enn í vonina um að Ronaldo komi aftur til félagsins. - hbg



## Var umkringdur læknum í hálfleik

**FÓTBOLTI** Haukur Páll Sigurðsson, leikmaður Vals, lenti í svakalegu samstuði í leik Vals og Stjörnunnar með þeim afleiðingum að það fossblæddi úr höfðinu á leikmanninum. Leikurinn endaði 1-1.

Atvikið átti sér stað rétt fyrir hálfleik og var gert að sárum leikmannsins í leikhléinu. Hann átti stórleik fyrir Valsmenn og átti stóran þátt í því að Valur náði í stig þrátt fyrir að vera einum leikmanni færri í 75 mínútur.

„Mér líður ágætlega og þetta hafði ekki svo mikil áhrif á mig,“ sagði Haukur Páll í gær.

„Við vorum með sjúkraþjálfara og lækni á varamannabekknum og síðan kom utanaðkomandi læknir einnig að mér í hálfleiknum. Þeir unnu saman að því að sauma mig og gerðu það faglega.“

Haukur Páll lék í raun betur í síðari hálfleiknum eftir samstuðið.

„Mig svimaði örlítið rétt eftir atvikið en þá stóð ég of fljótt upp. Annars var ég látið að velta þessu fyrir mér eftir að ég var saumaður. Fór síðan bara heim eftir leik og þurfti ekkert að fara upp á spítala, ég var í það góðum höndum í hálfleiknum,“ sagði fyrirliði Vals. - sáp



**HARÐJAXL** Haukur Páll lét ekki smá blóð stöðva sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ANDRÉS MÁR JÓHANNESSON** Í sínum leik með Fylki í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fæ vonandi að spila framar

**FÓTBOLTI** Andrés Már Jóhannesson kvaddi Fylkismenn á sunnudaginn því hann hefur verið kallaður til baka til norska liðsins Haugesund sem lánaði hann fyrr í sumar til Fylkis.

„Ég er ekki par sáttur með að vera fara út núna en það er samt allt í lagi. Það er smá sárabót að það er búið að ganga vel og ég get skilið sáttur og áhyggjulítill við liðið,“ segir Andrés Már en Fylkismenn hafa náð í 12 af 16 stigum sínum í síðustu fjórum leikjum. Andrés hefur skorað í þremur þeirra. Andrés Már og Ásgeir Börkur Ásgeirsson komu báðir heim og sýndu að Fylkishjartað er á réttum stað.

„Við erum búnir að spila saman síðan að við vorum fimm ára. Það vantaði smá stemmingu og leikgleði í þetta,“ segir Andrés en hvað með næstu skref?

„Þeir kölluðu mig til baka og vilja að ég berjist fyrir sæti mínu í liðinu. Ég hef verið að spila sem hægri bakvörður þarna úti en vonandi fæ ég að fara framar á völlinn,“ sagði Andrés sem fór út í morgun. Fylkir er ekki kominn úr fallbaráttunni en Andrés er rólegur yfir því. „Ég hef engar áhyggjur af Fylkisliðinu.“ - óój

## 68 mínútur á milli marka

**FÓTBOLTI** Indriði Áki Þorláksson tryggði Valsmönnum jafntefli á móti Stjörnunni á sunnudagskvöldið og hefur þar með skorað 7 mörk í fyrstu 12 leikjum sínum í efstu deild.

Þetta var enn einn leikurinn þar sem þessi 18 ára gamli strákur skorar eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Hann hefur nú skorað sjö sinnum á fyrstu 477 mínútum sínum í Pepsi-deildinni, sem þýðir mark á aðeins 68 mínútna fresti. - óój



**INDRIÐI ÁKI ÞORLÁKSSON**

**INDRIÐI ÁKI ÞORLÁKSSON**

| | |
|---|---|
| **SAMTALS Í EFSTU DEILD** | |
| Leikir - 12 (477 mínútur spilaðar) | |
| Mörk - 7 (68 mínútur á milli marka) | |
| **SUMARIÐ 2013** | |
| Leikir - 5 (270 mínútur) | Mörk - 3 (90,0) |
| **SUMARIÐ 2012** | |
| Leikir - 7 (207 mínútur) | Mörk - 4 (51,8) |

# Lengi dreymt um fulla Höll

Jón Arnór Stefánsson og félagar í íslenska körfuboltalandsliðinu spila í kvöld einn stærsta leikinn í sögu landsliðsins þegar Búlgarar koma í heimsókn í Laugardalshöllina. Með sigri lifir EM-von Íslands góðu lífi.

**KÖRFUBOLTI** Peter Öqvist, þjálfari íslenska körfuboltalandsliðsins, var byrjaður að tala um töfrakvöld (magical night in Reykjavík) í lok leiks á móti Búlgaríu á dögunum þegar stefndi í stórtap og afar slæma stöðu íslenska liðsins. Sigur Rúmena í Búlgaríu um helgina breytti hins vegar öllu og nú dugar Jóni Arnóri Stefánssyni og félögum í íslenska landsliðinu að vinna tvo síðustu leiki sína í Laugardalshöllinni til þess að tryggja sér sigur í riðlinum. Sá fyrri er á móti Búlgaríu klukkan 19.15 í kvöld.

### Áfall í fyrsta leik

„Fyrsti leikurinn var smá áfall fyrir okkur og það var alltof mikill munur á liðunum. Við erum enn þá á lífi eftir síðustu úrslit og það er mjög ánægjulegt að Rúmenarnir hafi tekið þá. Rúmenarnir voru slakari en ég hélt þegar þeir mættu okkur. Ég var eiginlega búinn að afskrifa það að þeir gætu unnið Búlgara og það kom því skemmtilega á óvart að þeir unnu,“ segir Jón Arnór.

„Það var stefnan hjá okkur að við ættum möguleika á einhverju þegar kæmi að þessum síðustu tveimur leikjum, sérstaklega af því að við erum á heimavelli í þeim báðum. Það er bara allt opið og ég tel að menn þurfi að setja sig í þann gír að trúa því að við getum unnið og já þetta fyrir sér,“ segir Jón Arnór.

Það er þó annað en að segja það að leggja Búlgara að velli í Höllinni í kvöld, enda fóru þeir illa með íslenska liðið undir körfunni í fyrri leiknum í síðustu viku. Liðið þarf því góðan stuðning á áhorfendapöllunum.

### Þurfum okkar besta dag

„Það hefur vantað kannski og ég vona að áhorfendur mæti nú á svæðið og styðji við bakið á okkur. Það væri auðvitað rosalega mikilvægt af því að Búlgarar eru með mjög gott lið. Við þurfum klárlega okkar besta dag og góðan stuðning til þess að eiga möguleika. Við vorum farnir að gíra okkur upp í 30 stiga sigur í Laugardalshöllinni og það er svolítið langsótt á móti svona góðu liði. Nú þurfum við bara að vinna með einu og áfram gakk, við erum klárir í þetta,“ segir Jón Arnór en þeir mæta hávöxnu og öflugu liði.

„Þeir eru mjög sterkir inni í teig, einmitt þar sem við erum hvað veikastir með fullri virðingu fyrir Hlyni og öllu því sem hann gerir. Ef við sleppum við villuvandræði og náum að gera það sem við leggjum upp varnarlega á móti þessum stóru köppum þá hugsa ég að þetta geti orðið spennandi leikur,“ segir Jón Arnór.

Jón Arnór Stefánsson hefur leikið tólf landsleiki í Höllinni en aldrei fyrir fullu húsi.

„Sá draumur lifir alltaf og vonandi sér maður það nú áður en maður fer að hætta þessu. Það væri rosalega skemmtilegt að sjá það gerast en það er ekkert grín að fylla Höllina og það þarf margt fólki til þess. Það eru þá mörg skref fram á við frá því í leikjunum í sumar,“ segir Jón Arnór léttur en það er alltaf von á að fólk fjölmenni, ekki síst þegar svona mikið er undir.

### „Magical night in Reykjavík“

„Eigum við ekki að hafa trú á því. Rúmenarnir unnu Búlgara á útivelli, sem var ótrúlegt, og svo sjáum við til hvort það verði annað kraftaverk á morgun og við fyllum Höllina,“ segir Jón Arnór og brosir þegar hann er minntur á orð þjálfarans Peter Öqvist í leikhléi í Búlgaríu, þegar Svíinn fór að tala um „magical night in Reykjavík“.

„Tökum við ekki út eitt svoleiðis á morgun. Í Reykjavík, hjá okkar fólki og vonandi nokkuð full höll af körfuboltafólki. Það verður bara geðveikt. Við sjáum þetta fyrir okkur. Eins og Óli bróðir segir þá þarf að byrja á því að sjá hlutina fyrir sér. Við höfum vonandi verið að gera það síðan að Rúmenarnir unnu Búlgarana,“ sagði Jón Arnór að lokum.

ooj@frettabladid.is



**Í SIGURLEIKNUM Í RÚMENÍU** Jón Arnór Stefánsson í sigrinum á Rúmenum en liðið þarf tvo til viðbótar í Laugardalshöllinni til að vinna riðilinn. MYND/KKÍ/KRISTINN GEIR PÁLSSON

### Einn sigur í tólf landsleikjum í Höllinni

Jón Arnór Stefánsson á flottan feril fullan af frábærri tölfræði en það er ein tölfræði sem verður seint talin frábær. Hann hefur nefnilega aðeins unnið einn af tólf landsleikjum sínum í Laugardalshöllinni og tapað báðum bikarúrslitaleikjunum sem hann hefur spilað í Höllinni.

„Ég hef ekki unnið marga leiki í Höllinni þegar þú nefnir það. Mér þykir samt vænt um Höllina, þó að ég hafi tapað þar á móti Stjörnunni í bikarúrslitaleik og eigi sárar minningar líka frá því á móti Njarðvík í bikarúrslitaleik. Ég er samt hrifinn af Höllinni og ber miklar tilfinningar til hennar. Mér finnst rosalega skemmtilegt að spila í Höllinni,“ segir Jón Arnór. Hann segir sérstaka tilfinningu fylgja því að spila í Laugardalshöllinni og mikið stolt. Það er heldur ekki eins og Jón hafi ekki verið að skila sínu í þessum tólf landsleikjum, enda með 16,8 stig að meðaltali í þeim.



**UTAN VALLAR** ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON ooj@frettabladid.is

## NÚ Á KÖRFUBOLTAFÓLK AÐ MÆTA Í HÖLLINA

Körfuboltaáhugafólk á Íslandi er oft að kvarta yfir umfjöllun um íslenskan körfubolta í íslenskum fjölmiðlum og fyrir utan aprílmánuð, þegar úrslitakeppni karla fangar sviðsljósið, er karfan ekkert alltof áberandi í miðlum landsins.

Eins og landsliðið hjálpar handboltanum er ekki sömu sögu að segja um körfuboltann. Landsleikirnir eru oftast ekki nógu vel sóttir og er örugglega hægt að nefna ástæður eins og að leikirnir fara fram utan keppnistímabilsins og möguleikar íslenska liðsins til afreka í flestum þessara leikja eru ekki voðalega miklir. Það verður hins vegar fróðlegt að sjá hvort umrætt íslenskt körfuboltaáhugafólk sýni samtakamátt í kvöld þegar íslenska landsliðið fær sannkallaðan úrslitaleik í Laugardalshöllinni.

Handboltaáhugafólk hefur margoft troðfyllt Höllina á síðustu árum en við eigum enn eftir að sjá fullt hús í mikilvægum landsleik í körfunni.

Nú er aftur á móti full ástæða til þess að fylla Höllina og hjálpa íslenska landsliðinu að stíga stórt skref í átt að því að komast í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn.

Strákarnir í liðinu hafa án nokkurs vafa unnið sér inn stuðninginn með frammistöðu sinni á þessu ári og fyrir utan smá slys í Búlgaríu á dögunum hefur íslenska liðið heillað þá sem á horfa með kappsemi, leikgleði og samvinnu.

Hver vill núna missa af því að sjá kappa eins og Jón Arnór Stefánsson, Hlyn Bæringsson og Jakob Örn Sigurðarson á hátindi ferils síns spila fyrir fyrstu alvöru möguleika Íslands á að komast á EM? Ég ætla ekki að missa af þessu og treysti á að allt alvöru körfuboltaáhugafólk láti sig heldur ekki vanta í Höllina í kvöld.



**HAUKUR HELGI** Ein af ungum stjörnum íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



# Enn öflugri Sportþrenna

## Nýtt útlit og meira omega-3

Nú hefur **Sportþrenna** fengið nýtt útlit og meira af omega-3.

**Sportþrenna** er ætluð þeim sem stunda líkamsrækt og íþróttir af miklu kappi.

Hún inniheldur vítamín og steinefni sem vernda gegn oxunarálagi.

> ORKUBÚSKAPUR > ANDOXUN > ÓNÆMISKERFI




www.lysi.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 21.55
### Veep
Önnur þáttaröðin af þessum bráðfyndnu gamanþáttum sem byggja á bresku verðlaunaþáttunum The Thick of It og gamanmyndinni In the Loop. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.

## Í KVÖLD



### MAD DOGS
**SKJÁR EINN KL. 21.10** Hörkuspennandi og vönduð fjögurra þátta sería um fjóra vini sem einhvern veginn tekst alltaf að koma sér og sínum nánustu í lífshættu.

TV.COM 8,5 IMDb 7,3



### HELLCATS
**POPPTÍVÍ KL. 20.45** Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í kappsaman heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.

TV.COM 8,0 IMDb 6,0



### ORANGE IS THE NEW BLACK
**STÖÐ 2 KL. 21.10** Dramatísk þáttaröð á léttum nótum um unga konu sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.

TV.COM 9,1 IMDb 8,7



## Bylgjan kl. 16-18.30
### Reykjavík síðdegis
Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson taka fólk tali og ræða málefni líðandi stundar.








HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími**
**08.10 Malcolm in the Middle** *(22.22)*
**08.30 Ellen** *(20.170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(126.175)*
**10.15 Wonder Years** *(17.23)*
**10.40 The Glades** *(4.13)*
**11.25 The Middle** *(4.24)*
**11.50 Gilmore Girls** *(22.22)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** *(5.15)*
**14.20 Sjáðu**
**14.50 Evrópski draumurinn** *(3.6)*
**15.25 Victorious**
**15.50 Svampur Sveinsson**
**16.15 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.25 Ellen** *(21.170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(14.22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(9.24)*
**19.35 Modern Family**
**20.00 The Big Bang Theory** *(11.24)*
**20.25 Mike & Molly** *(21.23)*
**20.45 How I Met Your Mother** *(6.24)*
**21.10 Orange is the New Black** *(4.13)* Dramatísk þáttaröð á léttum nótum um unga konu sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**21.55 Veep** *(4.10)*
**22.25 The Daily Show. Global Editon**
**22.50 2 Broke Girls** *(10.24)*
**23.10 New Girl** *(21.25)*
**23.35 Dallas**
**00.20 Mistresses** *(1.13)*
**01.05 Miami Medical** *(7.13)*
**01.50 The Closer** *(7.21)*
**02.35 L'armee Du Crime**
**04.50 The Big Bang Theory** *(11.24)*
**05.10 How I Met Your Mother** *(6.24)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(22:24)*
**19.20 Two and a Half Men** *(15:24)*
**19.40 The Simpsons** *(6:21)*
**20.05 Crusoe** *(3:13)* Ævintýralegir spennuþættir sem byggðir eru á klassískri sögu Daníels Defoe um Robinson Crusoe.
**20.45 Hellcats** *(5:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**21.30 Hellcats** *(6:22)*
**22.10 Friends** *(22:24)*
**22.35 Two and a Half Men** *(15:24)*
**22.55 The Simpsons** *(6:21)*
**23.20 Crusoe** *(3:13)*
**00.00 Hellcats** *(5:22)*
**00.40 Hellcats** *(6:22)*
**01.25 Tónlistarmyndbönd**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Eldað með Holta **21.30** Móti

## SPORT *besta sætið*

**16.15 Pepsi-mörkin 2013**
**17.30 Meistaradeild Evrópu**
**19.10 FH - Stjarnan** Bein útsending frá leik FH og Stjörnunnar í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu.
**21.25 Meistaradeild Evrópu**
**23.05 FH - Stjarnan**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Premier League World**
**18.00 Enska úrvalsdeildin - upphitun fyrir tímabilið**
**19.00 Leicester - Leeds**
**20.40 WBA - Man. Utd.**
**22.25 Football League Show**
**22.55 Man. City - Arsenal**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Kai Lan **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Ofuröndin **11.35** Lalli **11.40** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.10** Kai Lan **12.35** Svampur Sveinsson **12.55** Dóra könnuður **13.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.40** Strumparnir **14.05** Waybuloo **14.25** Fjörugi teiknimyndatíminn **14.50** Áfram Diego, áfram! **15.15** Histeria! **15.35** Doddi litli og Eyrnastór **15.45** Lalli **15.50** Lalli **15.55** Refurinn Pablo **16.00** Litlu Tommi og Jenni **16.20** Kai Lan **16.45** Svampur Sveinsson **17.10** Dóra **17.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.55** Strumparnir **18.20** Waybuloo **18.40** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.05** Áfram Diego, áfram! **19.30** Histeria! **19.50** Doddi litli og Eyrnastór

## GULL

**20.00 Í návist kvenna**
**20.30 Sprettur** *(2:3)*
**21.50 Footballer's Wives** *(5:9)*
**22.40 Í návist kvenna**
**23.10 Sprettur** *(2:3)*
**00.30 Footballer's Wives** *(5:9)*
**01.20 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.05 Shakespeare in Love**
**12.05 Henry's Crime**
**13.50 Moneyball**
**16.00 Shakespeare in Love**
**18.05 Henry's Crime**
**19.50 Moneyball**
**22.00 The Beach**
**00.00 Seven**
**02.05 Season Of The Witch**
**03.40 The Beach**

## RÚV

**14.45 HM í frjálsum íþróttum**
**15.00 HM í frjálsum íþróttum**
**17.50 Teitur** *(9:26)*
**18.00 Froskur og vinir hans** *(2:26)*
**18.07 Teiknum dýrin** *(24:52)*
**18.12 Skrípin** *(1:52) (The Gees)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Tónspor** *(2:6)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Dagsbrún** Í þættinum er fjallað um líf verkafólks í Reykjavík á fyrri hluta tuttugustu aldar, á tímanum þegar verkamannafélaginu Dagsbrún óx fiskur um hrygg.
**19.55 Handunnið: Sarah Becker** Sarah Becker er textíllistamaður. Hún málar og saumar út myndir m.a af skordýrum, hestum. *(e)*
**20.10 Reykjanes - Upplifun við bæjardyrnar** *(1:3)* Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur leiðir áhorfendur um Reykjanesið - yngsta og hrjóstrugasta hluta Íslands þar sem þó leynast mörg náttúruundur.
**20.40 HM íslenska hestsins**
**21.15 Castle** *(19:24)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 HM í frjálsum íþróttum**
**22.30 Hringiða** *(8:12) (Engrenage III)*
**23.25 Vörður laganna** *(1:10)(Copper)*
**00.10 Sönnunargögn** *(4:13)*
**00.50 Fréttir**
**01.00 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(20:44)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(25:25)*
**08.00 Cheers** *(11:25)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Once Upon A Time** *(8:22)*
**16.40 Family Guy** *(16:22)*
**17.05 Murdoch** *(2:2)*
**17.55 Dr. Phil**
**18.40 America's Funniest Home Videos** *(21:44)*
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(1:23)*
**19.30 Cheers** *(12:25)*
**19.55 Men at Work** *(4:10)*
**20.20 Britain's Next Top Model** *(10:13)*
**21.10 Mad Dogs** *(1:4)* Hörkuspennandi og vönduð fjögurra þátta sería um fjóra vini sem einhvernveginn tekst alltaf að koma sér og sínum nánustu í lífshættu.
**22.00 Nurse Jackie** *(8:10)*
**22.30 House of Lies** *(8:12)*
**23.00 NYC 22** *(10:13)*
**23.50 Hawaii Five-0** *(1:23)*
**00.35 Excused**
**01.00 Nurse Jackie** *(8:10)*
**01.30 House of Lies** *(8:12)*
**02.00 Mad Dogs** *(1:4)*
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06:00** ESPN America **08:15** PGA Championship *(2013) (1:4)* **14:15** Golfing World **15:05** PGA Tour - Highlights *(24:45)* **16:00** Ryder Cup Official Film *(2002)* **18:00** Golfing World **18:50** PGA Tours Portraits *(2012)* **19:35** PGA Championship *(2013) (2:4)* **01:35** ESPN America

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

heimkaup.is




1. FARÐU Á HEIMKAUP.IS
2. SMELLTU Á „SKÓLAR“ Á FORSÍÐU
3. VELDU LANDSHLUTA EÐA HVERFI
4. FINNDU RÉTTAN SKÓLA
5. VELDU RÉTTAN BEKK
6. ÞÚ BORGAR, VIÐ SENDUM

Innkaupalistar flestra grunnskóla eru komnir inn á Heimkaup.is.
Athugaðu hvort þú finnir þinn skóla hjá okkur, hakaðu svo í þinn bekk og réttu reitina og skóladótið er komið heim að dyrum. Þægilegt og áreiðanlegt.

**EINFALT OG ÞÆGILEGT HEIMADÆMI SEM ALLIR GETA LEYST.**



# SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

innan höfuðborgarsvæðisins*

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Farðu inn á Heimkaup á Facebook, snúðu lukkuhjólinu og þú átt inneign!



# ALDREI MINNA EN 500 KR.

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land

HEIMKAUP

GRILLMATURINN



**„Klárlega ferskur lax, hanteraður eins og grafinn, inn í ísskáp í sólarhring og síðan beint á grillið.“**

Margét Alice Birgisdóttir NLP heilsumarkþjálfi.

# Víkingur flytur á Suðureyri fyrir ástina

Leikarinn Víkingur Kristjánsson og unnusta hans Kolbrún Elma Schmidt búa saman á Suðureyri.

Víkingur Kristjánsson, leikari og meðlimur leikhópsins Vesturports, er fluttur á Suðureyri við Súgandafjörð fyrir ástina.

Unnusta Víkings heitir Kolbrún Elma Schmidt og er Súgfirðingur. Parið kynntist þó í Reykjavík.

Víkingur kemur til með að starfa áfram með Vesturporti en þess á milli mun hann vinna hjá fiskvinnslufyrirtækinu Klofningi á Suðureyri.

Víkingur var auk þess andlit Ögurballsins sem haldið er í Ísafjarðardjúpi árlega. Hann tók við þeim titli af Greipi Gíslasyni, verkefnastjóra hjá Hönnunarmiðstöð, sem var andlit ballsins í fyrra.

Því er ljóst að Víkingur er að hlúa að sínum vestfirsku rótum, en hann er einmitt alinn upp í Ísafjarðardjúpi.

Klofningur er fiskvinnslufyrirtæki sem hefur sérhæft sig í vinnslu aukaafurða og markaðssetningu þeirra í Afríku og Evrópu. Fyrirtækið hlaut meðal annars frumkvöðlaverðlaun Ísafjarðarbæjar árið 2006.

Víkingur frumsýndi síðastliðið laugardagskvöld verk á vegum Vesturports í félagsheimilinu á Suðureyri. Verkið, sem heitir Tribbjút, var byggt að einhverju leyti á æskuminningum Víkings að vestan.

- ósk




**VÍKINGUR OG KOLBRÚN** Kynntust í borginni en eru nú flutt vestur.



**OPNAR KJARNI.IS** Þór Sigurðsson hefur opnað vefsíðuna Kjarni.is þar sem finna má flestar íslenskar netverslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskar netverslanir saman á einni síðu

Vefsíðan Kjarni.is auðveldar fólki að leita að vörum sem eru seldar í íslenskum netverslunum.

„Eftir mikla leit að vöru sem ég vissi að fengist á netinu fann ég loksins netverslunina og þá datt mér í hug að það væri sniðugt að hafa íslenskar netverslanir saman á einum stað,“ segir kerfisfræðingurinn Þór Sigurðsson.

Hann hefur nú opnað síðuna kjarni.is þar sem finna má flestar íslenskar netverslanir. Þór segir að það geti reynst erfitt að finna íslenskar netverslanir og að það myndi auðvelda viðskiptavinum og eigendum netverslana ef þær væru saman undir einum hatti. „Ég fór í það að „gúgla“ allar netverslanir á Íslandi og er núna kominn með tæpar tvö hundruð verslanir inn á Kjarni.is. Fólk getur farið inn á síðuna og fundið til dæmis flestar netverslanir sem selja fatnað. Það eru til að mynda svakalega margir með sölusíður á Facebook og því hentugt að geta fundið þær allar á einum stað,“ segir Þór.

Hann rak sjálfur netverslun í mörg ár og veit því af eigin raun hvað það getur verið erfitt að reka slíka verslun. „Það er mikil og tímafrek vinna sem fer í það að vera sýnilegur á netinu. Ég held að með því að vera með allar netverslanir á einum stað aukist líkur á að verslunin nái að blómgast. Þetta hjálpar bæði viðskiptavinum og eigendum.“

- áo

**250** Jón býst við að vera kominn með í kringum 250 verslanir í lok ágúst.

# Kennir íslenskum konum að klæða sig

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir viðskiptafræðingur kennir íslenskum konum að klæða sig í bók sem kemur út fyrir jólin. Hún segist vera fædd tískugúrú.

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir viðskiptafræðingur hefur ekki setið auðum höndum í sumarfríinu því hún hefur verið upptekin við að leggja lokahönd á bók fyrir íslensku kvenþjóðina sem kemur út fyrir jólin.

„Ég er í raun fædd tískugúrú en ég hef unnið í tískubransanum og tengst honum í yfir 20 ár. Ég lærði tísku- og markaðsfræði í Bandaríkjunum á sínum tíma og þá strax langaði mig að deila því sem ég lærði. Síðan hef ég unnið sem stílisti í gegnum tíðina, við fjölmiðla, haldið fyrirlestra, hjálpað ótal manns með fatastílinn og -skápinn og svo núna skrifa ég á tiska.is, sem hlýtur að vera draumadjobbið,“ segir Eva Dögg, spurð hvenær áhugi hennar á tísku vaknaði.

„Hugmyndin að bókinni kviknaði fyrir nokkrum árum og ég hef verið að sjóða hana saman lengi. Það er ansi oft leitað til mín með ráð og ég beðin um ýmis verkefni tengd tísku þannig að ég ákvað að deila þessu með þjóðinni núna. Það er Salka forlag sem gefur út bókina en það kom aldrei neitt annað til greina en að ganga í lið með þeim, enda gaman að sjá hvað Salka forlag hefur verið að gera flotta hluti í gegnum tíðina. Bókin er stútfull af góðum, einföldum og nauðsynlegum tískuráðum,“ segir Eva þegar talið berst að bókinni.

„Þetta er bókin sem konur þurfa að eiga því þarna eru einföld tímalaus ráð sem allir geta tileinkað sér. Þegar kemur að tískuráðum er kynslóðabil ekki til. Þessi ráð eru fyrir konur á öllum aldri. Ég gef tískupunkta og -ráð eins og ég hef verið að gera á tiska.is síðan ég opnaði síðuna í desember 2012. Eins og Oscar Wilde sagði forðum daga: „Vertu þú sjálfur – hinir eru fráteknir.“ Það er nákvæmlega það sem við þurfum að hafa í huga; að finna okkar eigin stíl. Ég ætla að hjálpa konum að finna hann.“



**EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR** „Það er eins með litlu svörtu tískubókina og litla svarta kjólinn. Allar þurfum við að eiga einn og það sama gildir um bókina.“ MYND/GVA

> **Þetta er bókin sem konur þurfa að eiga því þarna eru einföld tímalaus ráð sem allir geta tileinkað sér.**

Áttu eitt ráð svona í lokin? „Já, núna eru árstíðaskipti um það bil að ganga í garð og allar verslanir að fyllast af haustvörum. Það er um að gera að fara yfir fataskápinn og skoða það sem við eigum og skilja sumarfötin frá vetrarfatnaðinum. Þá er ákveðin leið til að fara í gegnum fataskápinn. Þetta er mjög einfalt ráð, hvað eigum við til og hvað við getum nýtt. Það þarf ekki að kosta heilan helling að gera fataskápinn kláran fyrir veturinn,“ segir Eva.

elly@365.is

ÚTSALA Í BETRA BAKI!

ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA
Allt að 50% afsláttur



Levanto hægindastólar
20% afsláttur
Verðdæmi
LEVANTO leður hægindastóll með skemli
Kr. 111.840
Fullt verð kr. 139.800
Fæst í svörtu, hvítu og rauðu leðri.
Einnig til í mörgum litum í áklæði.

Betra BAK

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!
20%-45% afsláttur



HOLLANDIA
stillanlegt að þínum þörfum!

Svefnsófar margar gerðir
15%-35% afsláttur



Dýnustærð 140x200 cm
Verðdæmi
SENSEO svefnsófi
Afsláttarverð kr. 267.800
Fullt verð kr. 412.000

Faxafeni 5, Reykjavik, S: 588 8477 | Skeiði 1, Ísafirði, S: 456 4566 | Dalsbraut 1, Akureyri • S: 558 1100 • www.betrabak.is


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflléttan botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FÍTON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tónelskir á Dollý

Andy Butler, meðlimur hljómsveitarinnar Hercules and Love Affair, þeytti skífum á lokakvöldi Hinsegin daga á skemmtistaðnum Dollý í Hafnarstræti á sunnudagskvöldið.

Þar voru ýmsir mættir til að hlýða á ljúfa tóna Butlers. Þar má nefna plötusnúðana DJ Margeir og DJ Yamaho, öðru nafni **Natalie G. Gunnarsdóttur**, sem hitaði upp fyrir Butler.



Í þvögunni mátti einnig sjá Sigríði, Elísabetu og Elínu Eyþórsdætur í Sísý Ey, Unnstein Manúel í Retro Stefson, Steinþór Helga Arnsteinsson á X-inu, DJ Housekel og Berglindi Pétursdóttur GIF-drottningu. - ósk

### Forsetinn mætir á 2 Guns

Viðhafnarforsýning á nýjustu Hollywood-mynd **Baltasars Kormáks**, 2 Guns, verður haldin í Smárabíói í kvöld en myndin verður frumsýnd á morgun. Baltasar og aðrir aðstandendur 2 Guns verða viðstaddir forsýninguna, auk þess sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, verður á meðal gesta. Boðið verður upp á léttar veitingar fyrir sýningu og auðvitað mun Baltasar segja nokkur orð.



Tæplega þrjátíu þúsund Íslendingar sáu síðustu mynd Baltasars, Contraband, í bíó. Reikna má með að aðsóknin á 2 Guns verði ekki síðri, enda ríkir nú þegar mikil eftirvænting eftir henni. - fb

## Mest lesið vísir

1 Náðust á myndband við að leggja Ingólfstorg í rúst
2 Regnbogabörn komu út í tapi: „Gjald borgarinnar fyrir neðan allar hellur“
3 Verið að opna Þingvallaveg: Einn alvarlega slasaður
4 Skemmdarvargarnir handteknir strax í nótt
5 „Hvenær eigum við að hætta að hylja konur?“
6 Sláandi heimildarmynd um SMS og akstur
7 Ólögráðahelgi ádeila á unglingadrykkju







